



# Lagt á braut þjónustu

Ruhi stofnunin



Bók 2



Lagt á braut þjónustu

Ruhi stofnunin

Bækur í námskeiðaröðinni:

Hér að neðan er listi yfir núverandi heiti námskeiðsbókanna sem Ruhi stofnunin hefur hannað. Bækurnar eru hugsaðar sem aðalnámskeiðaröð í kerfisbundinni viðleitni til að auka hæfni ungmenna og fullorðinna til að þjóna samfélagi sínu. Ruhi stofnunin er einnig að þróa námskeið sem greinast út frá þriðju bókinni í aðalnámskeiðaröðinni í því skyni að þjálfa bahá'í barnakennara, sem og námskeið sem greinast út frá bók 5 sem þjálfar hvetjara til að vinna með unglingahópa. Þær bækur eru einnig gefnar upp í listanum hér fyrir neðan. Vert er að taka fram að listinn mun taka breytingum eftir því sem reynsla á vettvangi þróast og nýjar námskeiðsbækur munu bætast við eftir því sem námskeið sem eru í þróun ná því stigi að vera tilbúin fyrir almenna dreifingu.

- |        |                                                                                                                                                                                       |
|--------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Bók 1  | <i>Íhugun um líf andans</i>                                                                                                                                                           |
| Bók 2  | <i>Lagt á braut þjónustu</i>                                                                                                                                                          |
| Bók 3  | <i>Barnakennsla, fyrsta stig</i><br><i>Barnakennsla, annað stig (hliðargrein)</i><br><i>Barnakennsla, þriðja stig (hliðargrein)</i><br><i>Barnakennsla, fjórða stig (hliðargrein)</i> |
| Bók 4  | <i>Tvenndarbirtingin</i>                                                                                                                                                              |
| Bók 5  | <i>Kraftar unglinga leystir úr læðingi</i><br><i>Frumhvötin til athafna: Fyrsta hliðargrein frá bók 5</i><br><i>Víkkandi hringur: Önnur hliðargrein frá bók 5</i>                     |
| Bók 6  | <i>Að kenna málstaðinn</i>                                                                                                                                                            |
| Bók 7  | <i>Samstíga á þjónustubraut</i>                                                                                                                                                       |
| Bók 8  | <i>Sáttmáli Bahá'u'lláh</i>                                                                                                                                                           |
| Bók 9  | <i>Frá sjónarhóli sögunnar</i>                                                                                                                                                        |
| Bók 10 | <i>Að skapa þróttmikil samfélög</i>                                                                                                                                                   |
| Bók 11 | <i>Efnisleg verðmæti</i>                                                                                                                                                              |
| Bók 12 | (væntanleg)                                                                                                                                                                           |
| Bók 13 | <i>Þátttaka í samfélagsaðgerðum</i>                                                                                                                                                   |
| Bók 14 | (væntanleg)                                                                                                                                                                           |

Höfundarréttur © 2002 Ruhi stofnunin, Kólumbíu  
Öll réttindi áskilin. Útgáfa 2.1.1.PE birt árið 2023  
Prentuð á Íslandi

Upprunalega gefin út á spænsku undir heitinu *Levantémonos a servir*  
Höfundarréttur © 1987, 1996, 2020 Ruhi stofnunin, Kólumbíu  
ISBN 978-958-52941-0-3

Ruhi stofnunin hefur gefið Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi leyfi til að prenta takmarkað upplag af þessari bók á íslensku.

Ruhi stofnunin  
Cali, Kólumbíu  
Netfang: [instituto@ruhi.org](mailto:instituto@ruhi.org)  
Veffang: [www.ruhi.org](http://www.ruhi.org)

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi  
Kletthálsi 1  
110 Reykjavík  
567-0344  
[bahai@bahai.is](mailto:bahai@bahai.is)  
[www.bahai.is](http://www.bahai.is)

# Efnisyfirlit

|                                           |    |
|-------------------------------------------|----|
| Til umhugsunar fyrir leiðbeinandann ..... | v  |
| Gleðin af að kenna .....                  | 1  |
| Uppörvandi samræður .....                 | 15 |
| Dýpkunarefni .....                        | 33 |



## Til umhugsunar fyrir leiðbeinandann

Þessi bók er önnur í aðalröð námskeiða í boði Ruhi stofnunarinnar og fjallar um hæfni sem gerir okkur kleift að leggja okkar af mörkum í innihaldsríkum og uppörvandi samræðum. Þeirri sérstöku þjónustubraut sem bókin leggur áherslu á er lýst í þriðja bókarhlutanum. Í heimi þar sem voldug öfl riðla og tvístra samfélagsböndum, getur sú venja að heimsækja vini og nágretta til að ræða við þá um málefni sem skipta höfuðmáli í lífi samfélagsins orðið mikilsverður þáttur í menningunni og bætt úr sumum þeirra meinsemda sem stafa af vaxandi einangrun. Vináttan sem þannig skapast styrkir ferli lifandi og samræmdrar samfélagsuppbyggingar.

Samfelld áætlun um heimsóknir á heimili, hvort sem er í borgarhverfi eða smærri byggð, krefst nokkurs skipulags og vinahóps sem nýtur stuðnings viðeigandi stofnana og nefnda. Þegar leiðbeinandi fer með hóp í gegnum bókina ætti hann eða hún að hafa í huga að verið er að búa meðlimi hans undir þátttöku í slíku áframhaldandi átaki. Heimsóknir sem skipulagðar eru fyrir þá eru hluti af náminu og ættu að leiða til skuldbindingar gagnvart þátttöku í þessu átaki árum saman og þær eru mikilvægur þáttur í lífi þjónustu.

Heimsóknir á heimili í þeim tilgangi að kanna mikilvæg andleg og félagsleg viðfangsefni auðga augljóslega menningu samfélagsins. Jafn mikilvægar í þessu sambandi eru margar óformlegar samræður sem eiga sér stað heima við og á vinnustað, í skólanum og á markaðnum. Að innleiða andlegar meginreglur í daglegt samtal af og til er því hæfileiki sem verðskuldar athygli. Þróun hans er í brennidepli í öðrum bókarhluta og leggur þannig grunn að náminu í þriðja hluta.

Ef samræður okkar við vini og nágretta eiga að vera uppörvandi verðum við að miðla gleði í samskiptum okkar við þá. Þetta er efni sem fjallað er um í fyrsta hlutanum, „Gleðin af að kenna“. Öll þjónustuverkefni sem Ruhi stofnunin mælir með fela í raun í sér að öðrum eru færðar perlor guðlegrar visku sem við uppgötvim í úthafi opinberunar Bahá'u'lláh. Námi í fyrsta hluta er ætlað að auka vitund um gleðina sem felst í þessari leit. Þátttakendur eru beðnir að hugsa um orð Guðs og þá blessun sem í því felst að deila orði hans með öðrum. Þetta vekur gleði sem flýtir för okkar þegar við göngum þjónustubrautina. En þótt við séum fullviss um þennan djúpstæða andlega sannleika getum við glatað kennslugleðinni ef við hugsum ekki um þá eiginleika og þau viðhorf sem þurfa að einkenna þjónustuna. Þetta eru umfjöllunarefni í mörgum síðari bókum í röðinni en aðeins nokkur þeirra eru skoðuð hér. Byrjað er á eiginleikanum andleg lausn, aðskilnaði frá hinu veraldlega, í 7. kafla. Úrval tilvitnana úr bahá'í ritunum er grundvöllur hugleiðinga um þennan eiginleika sem er ómissandi ef ytri þættir eiga ekki að draga úr þjónustugleðinni. Það sem skiptir máli er að þátttakendur komi ekki frá þessu námi með ranghugmyndir um að andleg lausn feli í sér fálæti eða skort á umhyggju. Við verðum stöðugt að leitast við að efla viðleitni okkar og auka skilvirkni þjónustunnar þegar við reynum að ná sífellt betri árangri. Þetta krefst fullnægjandi skilnings á eðli viðleitinnar - umræðuefni sem fjallað er um í 8. kafla. Bjartsýni og þakklæti, tvenns konar viðhorf sem eru grundvallaratriði í þjónustuferlinu, eru stuttlega rædd í næsta kafla og hinum síðasta.

Annar hluti bókarinnar, „Uppörvandi samræður“, fjallar um hæfni til að hefja óformlegar samræður á herra plan með því að vísa til andlegra meginreglna þegar tilefni

gefst. Í honum er fjöldi stuttra staðhæfinga um ýmis efni, sem þó eru ekki nákvæmar tilvitnanir en allar byggðar á orðum ‘Abdu’l-Bahá og innihalda mörg hugtök og orðasambönd sem hann notaði og hafa alhliða skírskotun hvað varðar væntingar og áhyggjur fólks hver sem uppruni þess er. Vonast er til að með því að rannsaka yfirlýsingarnar fái þátttakendur andlega innsýn í hvernig ‘Abdu’l-Bahá útskýrði andlegar meginreglur og temji sér að leita til hans þegar þeir leita að perlundum í hafi opinberunar Bahá’u’lláh, skilja merkingu kenninga föður hans og deila þeim örlátlega með öðrum.

Til að ná markmiðum bókarinnar ættu þátttakendur að fá tækifæri til að fara yfir hverja staðhæfingu nokkrum sinnum, bera kennsl á röð hugmynda og æfa sig í að tjá þær uns þeir hafa tileinkað sér hugmyndirnar að því marki að þeir geti tjáð þær eðlilega og af öryggi. Sumir munu í fyrstu aðeins leggja staðhæfingarnar á minnið og endurtaka þær meira og minna eins og þær birtast í bókinni. Þess má auðvitað vænta. En eftir því sem þekking þeirra á trúnni dýpkar og reynsla þeirra vex fá þeir aðgang að miklu víðara innihaldi og mun ríkari orðaforða sem endurspeglast í samskiptum þeirra við aðra. Leiðbeinandinn ætti að viðurkenna að á þessu stigi er það sem leitast er við tvíþætt: ákveðið öryggi þegar kenningarnar eru útskýrðar og aðlögun að hugsun ‘Abdu’l-Bahá.

Eftir að meðlimir hópsins hafa lært að kynna innihald hverrar staðhæfingar fara þeir yfir í aðra starfsemi þar sem þeir eru hvattir til að tengja hugmyndirnar sem þeir hafa kynnt sér við málefni sem varða fjölskyldur þeirra, vini og vinnufélaga. Í því skyni eru þeir beðnir um að íhuga nokkur þeirra viðfangsefna og spurninga sem koma upp í samræðum og ákveða hverjar þeirra gefa færi á að kynna hugmyndirnar í umræðum. Dæmi eru nefnd til að sýna hvernig andlegu meginreglurnar sem ‘Abdu’l-Bahá setur fram varpa ljósi á mál sem varða fólk hvarvetna. Þessi æfing skilar betri árangri þegar leiðbeinandinn getur aðstoðað hvern og einn við val á einni staðhæfingu og fengið nokkra einstaklinga til að ræða við þá um hugmyndirnar sem hún felur í sér. Þannig geta þátttakendur tekið sér tíma til að lýsa hver fyrir öðrum gangi samræðnanna sem þeir tóku þátt í.

Fyrir hverja staðhæfingu eru í bókinni nokkrar tilvitnanir úr ritum Bahá’u’lláh sem leggja má á minnið. Áherslan sem Ruhi stofnunin leggur á að festa sér helgiorð í minni kemur strax fram í bók 1 en verður meira áberandi í bók 2. Gert er ráð fyrir að þátttakendur séu meðvitaðir um þá andlegu næringu sem þeir fá með því að leiða hugann stöðugt að orðum helgiritanna. Í þessari bók munu þeir síðan velta fyrir sér áhrifum orðs Guðs á hjarta mannsins og í öðrum og þriðja hluta læra þeir að setja fram meginreglur og hugmyndir helgiritanna í máli sínu og vitna beint í helgiritin þegar það á við. Að útskýra kenningarnar nákvæmlega og færa öðrum þær í sinni hreinu mynd er meðal þeirra hæfileika sem við öll leitumst við að þróa þegar við göngum þjónustubrautina. Og besta byrjunin er að rannsaka skýringar ‘Abdu’l-Bahá og reyna að tjá þær á sama hátt og hann gerði en þetta er einmitt forsendan sem liggur til grundvallar öðrum bókarhluta.

Eins og fram hefur komið hér að ofan, fjallar þriðji hlutinn, sem ber yfirskriftina „Dýpkunarefni“, um þjónustuna sem þessi bók er helguð – þ.e. að fara í heimsóknir til vina og nágranna í þeim tilgangi að taka þátt í umræðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir líf samfélagsins. Bókarhlutinn inniheldur þrennar samræður og mælt er með sérstöku efni fyrir hverja um sig. Fyrsta samræðan snýst um efni sem skoða á með íbúum byggðar eða hverfis í áætlun um kerfisbundnar heimsóknir. Þótt deila megi þessu efni með áhugasömum áheyrendum á margvíslegan hátt, er upphaflega ætlunin með efninu mest viðeigandi, en hún er sú að gefa heimilisfólki tækifæri til að dýpka þekkingu sína á trúnni.

Samt hafa heimsóknir á heimili tekið á sig nýjar víddir á undanförunum árum, sérstaklega á sífellt minni svæðum, allt niður í smáar byggðir eða borgarhverfi, þar sem þeim hefur fjölgað sem geta starfað sem leiðbeinendur, hvetjarar unglingahópa og barnakennarar. Í ljós hefur komið að heimsóknir eru nauðsynlegar, ekki aðeins til að efla



þekkingu á trúnni heldur einnig fyrir árangursríka þróun námsleiðar fyrir andlega eflingu unglinga og fyrir andlega uppfræðslu barna. Það hefur sýnt sig að hvetjarar og leiðbeinendur þurfa að fara í reglulegar heimsóknir til foreldra krakkanna til að ræða hugtök og hugmyndir. Slíkar umræður eru önnur gerð samræðna sem eru skoðaðar í 14. og 15. kafla. Efnið sem fjallað er um í þessum köflum er langt frá því að vera umfangsmikið og þátttakendur munu kynnast þessum tveimur námsleiðum miklu betur á næstu námskeiðum. En full vitund um mikilvægi þessara samræðna reynist árangursrík ásamt samfylgd barnakennara og hvetjara unglingahópa í heimsóknum til foreldra á þessu fyrsta stigi.

Þriðja gerð samræðna sem bókarhlutinn gerir ráð fyrir þjónar mjög sérstökum tilgangi. Fjölmargt ungt fólk leitar að farvegi fyrir brennandi löngun sína til að stuðla að bættum heimi. Hér er að finna gríðarlegan forða hæfni og getu til að breyta samfélaginu og sú hæfni bíður eftir því að verða virkjuð. Samræður jafningja sem velta fyrir sér tækifærum og skyldum sem tengjast tíma æskunnar með öllum hennar krafti og ótrúlegu möguleikum geta oftast en ekki leitt til umræðu um þjónustu og kveikt áhuga á því starfi sem er í gangi í byggðum og borgarhverfum um allan heim. Fjölmargir munu líka fagna boði um þátttöku í námskeiðum stofnunarinnar sem leið til að þróa með sér hæfni til að veita andlega fræðslu upprennandi kynslóðum, bæði sem barnakennarar og hvetjarar unglingahópa. Í köflum níu og tíu eru settar fram nokkrar hugmyndir sem hægt er að kanna í þessari gerð samræðna.

Til að styrkja getu sem gerir fólki kleift að hefja og halda uppi innihaldsríkum samræðum verður auðvitað að ganga lengra í bókarhlutanum en að leggja aðeins fram víðtæk viðfangsefni og innihald. Fyrir utan getu til að koma hugmyndum skýrt á framfæri þurfa þátttakendur að þróa viðhorf og andlega eiginleika. Það er þetta sem liggur að baki frásögninni í bókinni en mikilvægi hennar fyrir þessa hæfni er útskýrt í 4. kafla þar sem þátttakendur íhuga hvaða hugsanir og tilfinningar þeir eigi að bera í brjosti þegar þeir búa sig undir heimsókn og í 5. kafla velta þeir fyrir sér eiginleikum á borð við auðmýkt. Leiðbeinandinn þarf að tryggja að þessir kaflar vekji fulla athygli þátttakenda, því sama hversu mikla þekkingu við öðlumst, sama hversu vel við getum mótað hugmyndir – árangurinn af samræðum okkar fer eftir þeim eiginleikum og viðhorfum sem við miðlum.

Það skal tekið fram að þótt þau þjónustuverkefni sem lýst er í þessum bókarflokki séu lykilatriði í vexti og þróun samfélags eru þau umfram allt þættir í ferli sem leitast við að auka hæfni einstaklingsins með námi og aðgerðum. Það sem sérhver kennari ætti að gera sér grein fyrir er að þessar athafnir byggja hver á annarri og þær verða margbrotnari frá einni bók til annarrar. Að læra að framkvæma hvert þjónustuverkefni á áhrifaríkan hátt er mikilvægt fyrir verkefnin sem síðar þarf að vinna. Að halda áfram samræðum í nokkrum heimsóknum á heimili, eins og lagt er til í þessari bók, er greinilega meira krefjandi en sú starfsemi sem hvatt er til í 1. bók, þ.e. að annast reglulegt helgihald, hvort sem við gerum það ein eða í samstarfi við aðra. Ekki er erfitt að sjá hve nauðsynlegt það er fyrir þátttakendur að auka hæfni sína á þessu sviði til að geta ráðist í margbrotnari þjónustu síðar meir.

Eins og getið er um í inngangsorðunum í bók 1 eru þátttakendur á námskeiðum stofnunarinnar um allan heim af margvíslegum bakgrunni og þekking þeirra á bahá'í kenningum misjöfn í fyrstu. Þegar þeir hefja nám í þessari bók munu þeir örugglega allir taka þátt í þeirri þjónustu sem námskeiðin opna þeim. Ef um er að ræða ungmenni munu margar staðhæfingar og málefni sem kynnt eru í bókinni koma þeim spánskt fyrir sjónir ef þau hafa ekki tekið þátt í námskeiðum þessara námsleiða fyrir börn og unglinga og námið mun þjóna sem leið til að dýpka þekkingu þeirra á trúnni. Leiðbeinandinn ætti að vera reiðubúinn að þessu leyti til að sýna þann sveigjanleika og þá sköpunargáfu sem þörf er á til að hlúa að skilningi hjá öllum meðlimum hópsins jafnframt því að ganga úr skugga um að meginmarkmiði námskeiðsins sé fylgt eftir, þ.e. að þátttakendum sé gert kleift að taka þátt í þroskandi og uppörvandi samræðum. Vert er að nefna að í þúsundum byggðarlag

Þar sem bókin er notuð er ferli samfélagsuppbyggingar, sem bókin reynir að leggja sitt af mörkum til, á misjöfnu þróunarstigi. Að hrinda í framkvæmd því sem verið er að læra getur því tekið á sig nokkuð mismunandi mynd frá einu byggðarlagi til annars og þetta gefur einnig vísbendingu um þá umhyggju og vandvirkni sem leiðbeinandinn verður að sýna þegar hann bregst við þörfum hvers og eins í námi þessarar bókar.



# Gleðin af að kenna

Tilgangur

Að læra að meta það að verðleikum  
að gleðin af kennslunni felst í því  
að deila með öðrum orði Guðs



## 1. KAFLI

*Lagt á braut þjónustu* er önnur bókin í námskeiðaröð Ruhi stofnunarinnar þar sem leitast er við að sameina nám og aðgerðir. Markmiðið er að aðstoða þá sem taka þátt í námskeiðunum við að ná lengra á þjónustubrautinni þegar þeir leitast við að uppfylla tvíþættan tilgang, þ.e. sinna sínum eigin andlega og vitsmunalega vexti og stuðla að umbreytingu þjóðfélagsins. Eftir þátttökuna á fyrsta námskeiðinu gerðum við okkur grein fyrir því að brautin sem vísað er til er vörðuð röð þjónustuverkefna sem við vinnum með augun opin fyrir markmiðum þess nýja heimsskipulags sem Bahá'u'lláh sér fyrir í ritum sínum. „Þjónustubrautin“ sem við göngum felst þannig í viðleitni til að beita kenningum hans í okkar eigin lífi og lífi alls mannkyns. Sjálfur segir Bahá'u'lláh um opinberun sína:

**Ó þjónar Mínir! Heilagri, guðlega áformaðri opinberun Minni má líkja við úthaf sem geymir í djúpum sér ótölulegan fjölda af dýrmætum og tindrandi skærum perlum. Það er skylda sérhvers leitanda að hefjast handa og komast til stranda þessa hafs svo að hann geti, að svo miklu leyti sem ákefð leitar hans og viðleitni segir til um, fá hlutdeild í þeim gæðum sem forákvörðuð hafa verið í óafturkallanlegum og huldum töflum Guðs.<sup>1</sup>**

Í þessum fyrsta bókarhluta beinum við huganum að gleðinni sem fyllir hjartað þegar við finnum perlur viskunnar í úthafi opinberunar Bahá'u'lláh og deilum þeim með öðrum. Í náminu í bók 1 sáum við strax hve fagrar þær perlur guðlegrar leiðsagnar eru sem finna má í ritum hans. Hugleiðum nokkrar tilvitnanir í viðbót:

**Orð Guðs eru lampi og ljós hans þessi orð: Þér eruð ávextir eins trés og lauf einnar greinar.<sup>2</sup>**

**Kærast alls fyrir augliti Mínú er réttlætið. Hverf ekki frá því ef þú þráir Mig og vanræk það eigi til þess að Ég megi gera þig að trúnaðarmanni Mínú.<sup>3</sup>**

**Sinnið heilshugar þörfum þeirrar aldar sem þér lifið á og beinið athygli yðar að nauðpurftum hennar og kröfum.<sup>4</sup>**

**Allir menn hafa verið skapaðir til að stuðla að síframsækinni siðmenningu.<sup>5</sup>**

**Heimurinn líður undir lok en það sem varir að eilífu er ást Guðs.<sup>6</sup>**

**Þú ert lampi Minn og ljós Mitt býr í þér. Lát það upplýsa þig og leita einskis annars en Mín. Því að Ég hefi skapað þig ríkan og hefi af örlæti úthellt yfir þig hylli Minni.<sup>7</sup>**

Þið gætuð smám saman unnið að því að leggja þessar stuttu tilvitnanir á minnið.

## 2. KAFLI

Hefjum nú ígrundun okkar um megin þema þessa hluta og lesum aftur fyrstu tilvitnunina í fyrri kafla og gerum æfingarnar hér á eftir:

1. Ljúkum við þessar setningar:

- a. Það er skylda okkar að \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ um að \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ úthafs opinberunar Bahá'u'lláh.
  - b. Við ættum að leggja okkur fram um að komast til stranda úthafs opinberunar Bahá'u'lláh til þess að við getum fengið hlutdeild í þeim \_\_\_\_\_ sem hafa verið forákvörðuð í óafturkallanlegum og huldum töflum Guðs.
  - c. Við fáum hlutdeild í gæðunum úr úthafi opinberunar Bahá'u'lláh að svo miklu leyti sem \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .
2. Hvað þýðir „að hefjast handa“? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
  3. Hvað þýðir að „leggja sig fram um“ eitthvað? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
  4. Hvað á sérhver leitandi að leggja sig fram um? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
  5. Hvað þýðir „að svo miklu leyti sem eitthvað segir til um“? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
  6. Bahá'u'lláh segir okkur að við munum hljóta gæðin úr úthafi opinberunar sinnar að svo miklu leyti sem viðleitni okkar segir til um.
    - a. Gefum nokkur dæmi um viðleitnina sem við sýnum til að hljóta þessi gæði:  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
    - b. Gefum nokkur dæmi um gæðin sem við hljótum: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

### 3. KAFLI

Við vitum að opinberun Bahá'u'lláh er eins og úthaf sem geymir ómetanlegar perlur í djúpum sínum. Við gerum hvert og eitt allt sem í okkar valdi stendur til að eignast hlut í gæðum þess og hjálpa öðrum að komast að ströndum þess. En hversu löng er ferðin að ströndum þessa úthafs? Bahá'u'lláh segir:

**Ó þjónar Mínir! Hinn eini sanni Guð ber mér vitni! Þetta völdugasta, þetta ómælisvíða og ólgandi haf er nálægt yður, svo furðulega nálægt. Sjá, það er nær yður en sjálf lífæð yðar! Skjótar en augabragð getið þér, ef þér aðeins óskið, náð til þess og fengið hlutdeild í þessari óförgengilegu gjöf, þessari náð frá Guði, þessari máttugustu og óumræðilega dýrlegu hylli.<sup>8</sup>**

1. Til hvers vísa orðin „þetta völdugasta, þetta ómælisvíða og ólgandi haf“? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
2. Hversu nálægt okkur er þetta haf? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
3. Hversu fljótt getum við náð til þess? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
4. Ljúkum við þessar setningar:
  - a. Úthaf opinberunar Bahá'u'lláh er nálægt okkur, \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .
  - b. Úthaf opinberunar Bahá'u'lláh er \_\_\_\_\_ okkur en lífæð okkar.
  - c. Skjótar en \_\_\_\_\_ getum við ef við aðeins óskum, \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ í úthafi opinberunar Hans.
  - d. Skjótar en augabragð getum við, \_\_\_\_\_ ,  
náð til og fengið hlutdeild í úthafi opinberunar Hans.

### 4. KAFLI

Þegar við komum að sjávarströndum opinberunar Bahá'u'lláh sækjum við í fjársjóði þess úthafs og deilum af örlæti og án skilyrða með öðrum þeim perlum guðlegrar leiðsagnar sem við finnum í námi okkar, bæn, hugleiðslu og viðleitni til að þjóna málstað hans og mannkyninu. Reynum að læra utanbókar tilvitnun sem minnir okkur á þessa helgu skyldu:

**Ó vegfarandi á vegi Guðs! Tak skerf þinn úr hafi náðar Hans og svipt þig ekki því sem dylst í djúpum þess. Tilheyr þeim sem hafa fengið hlutdeild í fjársjóðum þess. Ef örsmáum dropa úr því hafi væri dreift yfir alla sem er á himnum og jörðu, nægði hann til þess að auðga þá af veglyndi Guðs, hins almáttuga og alvitra, hins alvísa. Fyllið hendur sjálfsafneitunar lífgefandi vötnum þess og dreifið yfir allt sem skapað er, að það megi hreinsast af öllum**

mannlegum takmörkunum og nálgast máttugt aðsetur Guðs, þennan helgaða og skínandi reit.<sup>9</sup>

## 5. KAFLI

Þegar við förum í gegnum þjálfunarnámskeiðin, ígrundum námsefnið og vinnum að verkefnum þess, eykst þjónustuhæfnin og við getum ráðist í verkefni sem færa okkur innilega gleði og hjálpa okkur að ná margþættum tilgangi. Þetta eru verkefni á borð við að sinna andlegri uppfræðslu barna, að fá unglinga til þátttöku í námsleið um andlega eflingu þeirra og aðstoða vinahópa á námskeiðum í aðalnámskeiðaröð þjálfunarstofnunarinnar. Á öllu þessu ferðalagi deilum við orði Guðs með öðrum, ungum sem öldnum, og þetta verður okkur uppspretta stöðugs innblásturs. Þess vegna ættum við oft að íhuga mátt orðsins og áhrif þess á hjarta mannsins. Í eftirfarandi tilvitnun talar Bahá'u'lláh um þennan mátt:

**Orði Guðs má líkja við teinung sem hefur verið gróðursettur í hjörtum manna. Yður ber skylda til að hlúa að vexti hans með lifandi vatni visku, helgaðra og heilagra orða svo hann fái skotið rótum og greinar hans vaxi til himins og honum ofar.<sup>10</sup>**

1. Við hvað má líkja orði Guðs? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
2. Hvar hefur tré orðs Guðs verið gróðursett? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
3. Hvernig eigum við að hlynna að vexti þessa trés? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
4. Hversu hátt getur þetta tré vaxið? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
5. Útskýrum í nokkrum orðum hvers vegna það er mikilvægt að deila með öðrum orði Guðs.  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 6. KAFLI

Hugsum um öll verkefni sem við tökum okkur fyrir hendur í daglega lífinu. Við nærum líkamann, tileinkum okkur nýja þekkingu og aukum andlega hæfni. Við þróum færni og hæfileika sem gera okkur kleift að lifa og starfa sem dugandi þjóðfélagsþegnar. Við tökum þátt í íþróttum og afþreyingu. Margvíslegt starf af þessu tagi er mikilvægt fyrir



vitsmunalegan þroska og efnislega velferð og tekur mikinn tíma. En á hverjum degi koma síðan andlegar gæðastundir þegar við biðjumst fyrir, dýpkum skilning okkar á guðlegum kenningum, ein eða með vinum, og hjálpum þeim sem eru í kringum okkur að uppgötva perlurnar í úthafi opinberunar Bahá'u'lláh. Er þessar stundir ekki ómetanlega dýrmætar? Er til meiri gleði en sú að geta notið svo himneskra blessana?

Við ættum alltaf að minnast þess að 'Abdu'l-Bahá hvatti okkur til að helga okkur velferð alls mannkyns:

**Við höfum öll sameinast í einni guðlegri áætlun, höfum engin efnisleg áform og kærasta ósk okkar er að útbreiða ást Guðs um allan heim!<sup>11</sup>**

Segjum sem svo að við fáum tækifæri til að deila með vini tilvitnun úr fyrsta kafla sem við lögðum á minnið. Hvaðan kemur gleðin sem gagntekur hjartað? Auðvitað vonum við að vinurinn hrífist af orðum Bahá'u'lláh. En hvað ef hann eða hún skyldi nú ekki sýna þann áhuga sem við vonuðumst eftir? Hverfur þá gleðin úr hjarta okkar? Hvers vegna ekki?

---

---

---

---

---

## 7. KAFLI

Af öllu sem við tókum okkur fyrir hendur í lífinu eru þær stundir þegar við deilum orði Guðs með öðrum gæddar sérstakri blessun. Þegar við skiljum þetta komumst við að mjög merkilegri niðurstöðu: Gleði þjónustunnar felst í verkinu sjálfu. Við vonum auðvitað að þjónusta okkar beri góðan árangur en ef við erum of upptekin af árangrinum og látum hrós eða gagnrýni hafa of mikil áhrif á okkur missum við gleðina af að kenna. Það sem ætti að örva okkur til að þjóna er ást á Guði, ekki löngun í árangur, ábata eða viðurkenningu. Að vera andlega laus frá öllu þessu er skilyrði fyrir gleði í þjónustunni. Eftirfarandi tilvitnanir hjálpa okkur að íhuga þetta mál:

**Ó maður tveggja sýna! Loka öðru auga þínu og opna hitt. Loka öðru fyrir heiminum og öllu sem í honum er og opna hitt fyrir heilagri fegurð Ástvinarins.<sup>12</sup>**

**Ó vinir! Snúið ekki baki við fegurðinni eilífu fyrir þá fegurð sem hlýtur að deyja og takið ekki ástfóstri við þennan dauðlega heim duftsins.<sup>13</sup>**

**Ó sonur málsins! Bein augliti þínu að Mér og afneita öllu nema Mér, því að veldi Mitt varir og ríki Mitt líður ekki undir lok. Ef þú leitar annars en Mín, já, þótt þú leitaðir um gjörvallen alheiminn að eilífu myndi leit þín engan ávöxt bera.<sup>14</sup>**

**Ó þú framandi sem nýtur vináttu! Ljós hjarta þíns er kveikt af höndum valds Míns, slökk það eigi með misvindi sjálfs og ástríðna. Græðari allra meina þinna er minningin um Mig, gleym henni ekki. Ger ást Mína að fjársjóði þínum og gæt hans vel eins og þú mundir gæta þinnar eigin sjónar og lífs.<sup>15</sup>**

**Andleg lausn er eins og sólin. Í hverju því hjarta sem hún skín kæfir hún eld ágirndar og sjálfs. Sá sem hefur sjón, upplýsta af ljósi skilnings, mun vissulega slíta sig frá heiminum og hégóma hans. ... Lát ekki heiminn og viðurstyggð hans hryggja yður. Sæll er sá sem fyllist ekki hégóma við auðlegð né sorg við fátækt.<sup>16</sup>**

1. Þarf sá sem slítur sig frá heiminum að lifa sem meinlætamaður? \_\_\_\_\_
2. Er hægt að vera aðskilinn þessum heimi og eiga veraldlega hluti? \_\_\_\_\_
3. Er sá sem eyðir nánast öllum stundum í starf sitt aðskilinn veraldlegum hlutum?  
\_\_\_\_\_
4. Er sá sem vinnur aðeins til að fullnægja grunnþörfum sínum og gerir ekkert þess á milli aðskilinn þessum heimi? \_\_\_\_\_
5. Er sá sem ekki þolir efnisleg óþægindi á vettvangi þjónustunnar andlega frjáls? \_  
\_\_\_\_\_
6. Hægt er að festa hugann við margt annað en efnislegar eigur. Hvað myndi sá festa hugann við sem
  - gefst upp á þjónustuverkefni vegna þess að enginn hrósar honum eða henni fyrir það? \_\_\_\_\_
  - missir móðinn vegna þess að enginn fellst á hugmyndir hans eða hennar? \_\_\_\_
  - fer í felur með skoðanir sínar af ótta við höfnun annarra? \_\_\_\_\_
7. Andleg lausn felur ekki í sér fálæti eða skort á umhyggju. Hvað af þessu er merki um skort á andlegri lausn?
  - \_\_\_\_\_ Að gleðjast yfir framgangi annarra
  - \_\_\_\_\_ Að hætta kennslu af því að nokkur börn eru óþekk
  - \_\_\_\_\_ Að stæra sig af afrekum sínum
  - \_\_\_\_\_ Að sinna vel námi og gleðjast yfir framförum sínum
  - \_\_\_\_\_ Að vinna hörðum höndum að því að auka hæfni til að þjóna almannaheill
  - \_\_\_\_\_ Að leitast við að ná afburðaárangri í starfi
  - \_\_\_\_\_ Að iðka hreinlæti og halda hreint og snyrtilegt heimili
  - \_\_\_\_\_ Að sjá vel um eigur sínar
  - \_\_\_\_\_ Að annast um velferð annarra
  - \_\_\_\_\_ Að missa móðinn þegar ekki er hrósað fyrir viðleitni

8. Andleg lausn er svo mikilvæg fyrir okkur öll að lagt er til að við leggjum allar tilvitnanir í þessum kafla á minnið.

## 8. KAFLI

Til að njóta gleði af þjónustunni við mannkynið verðum við að vera fús til að leggja á okkur fyrirhöfn og það kann að útheimta einhverja fórn. Orðið „fórn“ notum við oft í daglega lífinu. Ef góður vinur kemur úr ferðalagi árla morguns vöknum við kannski snemma til að sækja hann eða hana. Við gætum sagt að við höfum fórnað nokkurra klukkutíma svefni. Einhver sem er okkur kær veikist. Þá fórnum við fáeinum klukkutímum af eftirlætis afþreyingu okkar til að annast hana. Þeir tímar koma að við þurfum að leggja sérstaklega hart að okkur í vinnu og þá gætum við sagt að við séum að fórna hvíld og þægindum til að ná ákveðnu markmiði.

Við þráum öll að þjóna málstaðnum og fórnum fúslega tíma og orku og einhverjum efnislegum verðmætum. Við ættum þá að muna að á þjónustubrautinni fórnum við kannski einhverjum efnisgæðum en fáum í staðinn sanna gleði og vöxum andlega. Okkur gefst tækifæri til að íhuga eðli fórnarinnar nánar á síðari námskeiðum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því frá upphafi að hún felur í sér afneitun hins lægra fyrir hið æðra, líkt og fræið sem fórnar sér til þess að geta orðið að tré. Fórnin færir gleði og þá gleði fáum við ekki nema við séum fús til að sýna stöðuga viðleitni á braut þjónustu.

Bahá'u'lláh segir:

**Elju er þörf ef við freistum þess að leita Hans, kapp skal til ef við eigum að dreypa á ódáinsveig endurfundanna við Hann, og ef við fáum bragðað þann drykk vörpum við frá okkur heiminum.<sup>17</sup>**

Og ‘Abdu’l-Bahá gefur okkur þessi ráð:

**Hvílist ... ekki, leitið ekki næðis, festið ykkur ekki við munað þessa hverfula heims, leysið af ykkur öll bönd og reynið af sál og hjarta að fá fulla staðfestu í ríki Guðs. Safnið himneskum fjársjóðum. Látið hvern dag færa aukna upplýsingu. Nálgist stöðugt fótiskör einingar.<sup>18</sup>**

Við trúum því öll að til að ná ákveðnu markmiði verðum við að vinna markvisst. En þessi einfalda trú hefur viss áhrif í framkvæmd sem ekki má gleyma. Nauðsynlegt er að hafa í huga að það er samsvörun milli orkunnar sem beita þarf og erfiðleikastigs verkefnisins. Við blekkjum okkur sjálf ef við teljum að hægt sé að framkvæma það með minni fyrirhöfn. En umfang verkefnisins er ekki eini þátturinn sem taka þarf tillit til. Þörf er á samkvæmni og þrautseigju. Einbeitingar er krafist. Nauðsynlegt er að venja sig á að ljúka verkefnum, hlaupa ekki úr einu í annað né hverfa frá hálfunnu verki. Hálfshugar viðleitni ber ekki ávöxt. Tökum til dæmis vikulega kennslustund fyrir börn. Kennarinn þarf að verja ákveðnum tíma til að undirbúa sig fyrir hvern tíma og hjálpa nemendum að skilja innihald námsefnisins, fara reglulega í heimsóknir til foreldra nemendanna og fylgjast með framförum hvers og eins, viku eftir viku. Hvað verður um barnahóp þar sem kennarinn undirbýr sig bara einstaka sinnum, lýkur kennslustundinni snemma og skyndilega þegar hann er þreyttur, og nær ekki að verja nauðsynlegum tíma til að huga að hverju barni og ræða framfarir þess við foreldrana? Og hvað ef kennslutíminn er látinn falla niður hvenær sem kennarinn vill sinna einhverju öðru, t.d. vini sem kemur í heimsókn frá öðrum bæ?

Þessar fáu athugasemdir sýna okkur að við verðum að gefa gaum bæði að magni og gæðum sérhvers verkefnis sem við tökum okkur fyrir hendur. Þetta á ekki aðeins við um þjónustuverkefni sem við tökum þátt í heldur einnig okkar eigin þroska. Jafnvel andlegar venjur sem við hugleiddum í fyrstu bókinni – að biðja reglulega, lesa ritin á hverjum degi, hugleiða hvernig við getum samræmt líf okkar kenningunum, taka heilshugar þátt í helgistundum – allt kallar þetta á áframhaldandi viðleitni. Hér að neðan eru nokkrar fullyrðingar sem tengjast viðleitni. Göngum úr skugga um hverjar af þeim eru sannar:

- \_\_\_\_\_ Ef þú ert slyngur þarftu ekki að vinna hörðum höndum.
- \_\_\_\_\_ Hvers vegna fara löngu leiðina? Reynum alltaf að finna flýtleið.
- \_\_\_\_\_ Enginn verður óbarinn biskup.
- \_\_\_\_\_ Láttu þig dreyma stóra drauma, óskir þínar munu rætast.
- \_\_\_\_\_ Því veglegri sem verðlaunin eru, þeim mun meira leggur maður á sig.
- \_\_\_\_\_ Því meiri sem fyrirhöfnin er, þeim mun sætari er umbunin.
- \_\_\_\_\_ Takist þér ekki í fyrstu, reyndu aftur og enn aftur.
- \_\_\_\_\_ Hvers vegna vinna þegar hægt er að fá aðra til að vinna fyrir sig?
- \_\_\_\_\_ Krefjist verk of mikillar fyrirhafnar, á að sleppa því.
- \_\_\_\_\_ Með litlum skrefum – tíðum og stöðugum – er hægt að ná langt.
- \_\_\_\_\_ Ekkert er auðvelt sem er einhvers virði.
- \_\_\_\_\_ Afburðarárangur krefst heilshugar helgunar.
- \_\_\_\_\_ Þúsund mílna ferðalag hefst með einu skrefi.
- \_\_\_\_\_ Bara að reyna að komast af er lítils virði.
- \_\_\_\_\_ Bíðum ekki eftir að hlutirnir gerist, vinnum að þeim.
- \_\_\_\_\_ Árangur er spurning um heppni.
- \_\_\_\_\_ Við náum ekki tvíþættum tilgangi okkar með töfrum.
- \_\_\_\_\_ Stöndum okkur reikningsskap á hverjum degi.

Við göngum braut þjónustu, leitumst við að vaxa andlega og vitsmunalega og stuðlum að umbreytingu þjóðfélagsins. Það er ljóst að þessi tvíþætti tilgangur lífsins krefst mikils átaks af okkar hálfu. Bahá'u'lláh segir okkur:

**Skaparinn óviðjafnanlegi hefur skapað alla menn af einu og sama efni og hafið veruleika þeirra yfir veruleika annarra skepna sinna. Þess vegna hlýtur árangur eða mistök, ávinningur og tjón, að skilyrðast af eigin viðleitni mannsins. Því meira sem hann leggur á sig, þeim mun meiri verða framfarir hans.<sup>19</sup>**

Þið gætuð lagt tilvitnunina að ofan á minnið, hafið þið ekki þegar gert það.

## 9. KAFLI

Til þess að geta haft gleði af þjónustunni ættum við að rækta með okkur ákveðin viðhorf. Við verðum til dæmis að vera þakklát fyrir þjónustuna því hún er gjöf sem Guð hefur gefið okkur – við erum ekki að gera Guði greiða þegar við þjónum málstað hans. Við

verðum líka að læra að forðast svartsýni og temja okkur bjartsýni á lífið og tilveruna. Hindrunum á braut þjónustu er hægt að breyta í stíklur til frekari framfara. Jafnvel mitt í erfiðleikunum horfum við með trú og trausti á framtíðina. Eftirfarandi orð ‘Abdu’l-Bahá lýsa voninni og bjartsýninni sem ætti að einkenna starf okkar:

**Hversu lítið er ekki fræið í upphafi en að lokum verður það að voldugu tré. Horfið ekki á fræið, horfið á tréð, blóm þess, lauf og ávexti.<sup>20</sup>**

**Berum því skyn á mikilvægi þessa litla frækorns sem Hinn trúfasti jarðyrkjumaður hefur með höndum miskunnar sinnar sáð í plægðan akur Drottins, vökvað með regni gjafa sinna og hylti og hlynnir nú að í hlýrri birtu sólar sannleikans.<sup>21</sup>**

**Þegar þið sjáið tré vaxa og dafna verið þá vongóð um framtíð þess. Að lokum blómgastr það og ber ávexti. Ef þið sjáið feyskinn við eða hrörlegt tré er engin von um ávexti.<sup>22</sup>**

**Þess vegna verða ástvinir Guðs að starfa af alúð við að vökva, hlynna að og rækta þetta tré vonarinnar með vatni viðleitni sinnar.<sup>23</sup>**

**Ef hjartað snýr sér frá þeim blessunum sem Guð býður því, hvernig getur það vonast eftir hamingju? Ef það setur ekki von sína og traust á miskunn Guðs, hvar fær það hvíld?<sup>24</sup>**

Ljúkum við eftirfarandi setningar og ígrundum merkingu orðanna hér að ofan:

1. Hversu lítið er ekki fræið í upphafi en að lokum \_\_\_\_\_ .
2. Við ættum ekki að horfa á fræið heldur á \_\_\_\_\_ .
3. Við ættum því að skilja mikilvægi frækornsins sem Guð hefur með höndum miskunnar sinnar \_\_\_\_\_ .
4. Þegar við sjáum tré vaxa og dafna ættum við að vera \_\_\_\_\_ .
5. Þegar við sjáum tré vaxa og dafna ættum við að vera vongóð um að það \_\_\_\_\_ að lokum.
6. Með vatni viðleitni okkar verðum við að \_\_\_\_\_ .

7. Ef hjartað snýr sér frá þeim blessunum sem Guð býður því, \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ ?
8. Ef hjartað setur ekki von sína og traust á miskunn Guðs, \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ ?

Hugleiðum nú um stund: Erum við sammála því að glaður og vongóður andi okkar ásamt auðmjúku þakklæti sé öðrum gleðigjafi? Og höfum alltaf í huga að þegar við byrjum að þjóna málstaðnum berum við öðrum gleðitíðindin um að nýr dagur er risinn – dagur uppskeruhátíðar mannkynsins. Megi orð Bahá'u'lláh enduróma í hjörtum okkar:

**Sælir eru þeir sem starfa, sælir þeir sem skilja, sæll er sá sem hvíkar ekki frá sannleikanum, aðskilinn öllu sem er á hinnum og öllu sem er á jörðu.<sup>25</sup>**

## TILVÍSANIR

1. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 153, efnisgr. 5.
2. Sama rit, nr. 132, efnisgr. 3.
3. Bahá'u'lláh, *Hulin orð*, úr arabísku, nr. 2.
4. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 106, efnisgr. 1.
5. Sama rit, nr. 109, efnisgr. 2.
6. Bahá'u'lláh, í *Women: Extracts from the Writings of Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, Shoghi Effendi and the Universal House of Justice* [Konur: Útdrættir úr ritum Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, Shoghi Effendi og Allsherjarhúss réttvísinnar], tekið saman af Rannsóknardeild Allsherjarhúss réttvísinnar (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1986, 1997 printing), nr. 53, bls. 26.
7. *Hulin orð*, úr arabísku, nr. 11.
8. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 153, efnisgr. 5.
9. Sama rit, nr. 129, efnisgr. 1.
10. Sama rit, nr. 43, efnisgr. 9.
11. Úr ávarpi sem var flutt 19. nóvember 1911, birt í *Paris Talks: Addresses Given by 'Abdu'l-Bahá in 1911* [Parísarerindi: Ávörp sem 'Abdu'l-Bahá hélt árið 1911] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2006, 2016 printing), nr. 32.2, bls. 121.
12. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 12.
13. Sama rit, úr persnesku, nr. 14.
14. Sama rit, úr arabísku, nr. 15.
15. Sama rit, úr persnesku, nr. 32.
16. Bahá'u'lláh, í *The Bahá'í World: Volume One* [Bahá'í heimurinn: 1. bindi], 1925–1926 (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1926, 1980 printing), bls. 42.
17. *Leitandinn á vegi Guðs: Úrval úr dulhyggjuritum Bahá'u'lláh*, Dalirnir sjö, efnisgr. 12.
18. 'Abdu'l-Bahá, *Töflur hinnar guðlegu áætlunar*, nr. 13, efnisgr. 6.
19. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 34, efnisgr. 8.
20. *Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá* [Úrval úr ritum 'Abdu'l-Bahá] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2010, 2015 printing), nr. 40.3, bls. 118–19.
21. Sama rit, nr. 40.3, bls. 119.

22. Úr ávarpi sem var flutt 11. maí 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace: Talks Delivered by 'Abdu'l-Bahá during His Visit to the United States and Canada in 1912* [Yfirlýsing heimsfriðar: Ávörp sem 'Abdu'l-Bahá flutti í heimsókn sinni til Bandaríkjanna og Kanada árið 1912] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2012), efnisgr. 2, bls. 153.
23. *Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá* [Úrval úr ritum 'Abdu'l-Bahá], nr. 206.13, bls. 356–57.
24. Úr ávarpi sem 'Abdu'l-Bahá flutti 21. nóvember 1911, birt í *Paris Talks* [Parísarerindi], nr. 34.8, bls. 133.
25. Bahá'u'lláh, *Epistle to the Son of the Wolf* [Pistill til sonarúlfsins] (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1988, 2016 printing), bls. 139.





# Uppörvandi samræður

Tilgangur

Að öðlast hæfni til að kynna  
andlegar meginreglur í samræðum



## 1. KAFLI

Í fyrsta hluta þessarar bókar töluðum við um þá ómældu gleði sem okkur hlotnast þegar við deilum orði Guðs með öðrum. Þegar við göngum braut þjónustu gefast fjölmörg tækifæri til að ræða við vini og kunningja um þá innsýn sem við fáum í opinberun Bahá'u'lláh. Meðal nauðsynlegustu hæfileika sem við öll þurfum að þróa er hæfni sem gerir okkur kleift að leggja af mörkum til þroskandi og innihaldsríkra samtala. Tilgangur þessa bókarhluta og hins næsta er að aðstoða okkur í þessum efnum. Hér hugum við að því hvernig færa má samræður á hærra plan með því að vísa til andlegra meginreglna þegar tilefni gefst. Í næsta bókarhluta íhugum við hvernig hefja má og halda uppi samræðum um ákveðin málefni sem lið í kerfisbundnu átaki til að byggja upp lifandi samfélag í byggðarlaginu okkar, bænum eða hverfinu.

Í næstu köflum skoðum við allmargar staðhæfingar um ýmis efni sem ekki byggja á nákvæmum tilvitnunum heldur á ræðum og töflum 'Abdu'l-Bahá. Við ættum að lesa hverja staðhæfingu nokkrum sinnum, greina röð hugmynda og skiptast á því með öðrum í hópnum að fara með þær í heyranda hljóði þangað til við getum tjáð þær eins og okkur er eðlilegt. Þessi æfing kemur að gagni þegar við búum okkur undir að tala af öryggi og okkur finnst viðeigandi að styðjast við kenningar trúarinnar til að þróa umræðuna.

Við munum í þessum hluta halda áfram að leggja á minnið orð og setningar úr ritunum, því að þau búa yfir sérstökum krafti sem snertir mannshjartað og hafa mikil áhrif á áheyrandann þegar þau eru samofin okkar eigin orðum. Samt sem áður þarf að beita visku og skynsemi þegar vitnað er í helgiritin í samræðum. Hófstilling er nauðsynleg, finna þarf rétt jafnvægi milli eigin orða og beinna tilvitnana í ritin þegar kenningar trúarinnar eru útskýrðar. Til að ná þessu jafnvægi þurfum við að verja tíma og orku til þess að nema og ígrunda bahá'í ritin og leyfa þeim að móta hugsanir okkar og tilfinningar.

## 2. KAFLI

Fyrstu staðhæfingarnar sem við erum beðin um að ígrunda snerta þörf mannkynsins fyrir fræðara.

Þegar við hugleiðum tilveruna, sjáum við að steinefni, gróður, dýr og mannverur hafa, hvert í sínu lagi, þörf fyrir fræðara. Garðurinn þarfnast garðyrkjumanns. Jarðyrkjumanns er þörf til þess að landið skili ríkulegri uppskeru. Sé maður skilinn einn eftir í óbyggðum og látinn náttúrunni á vald, mun hann temja sér hætti dýrsins. Hljóti hann uppfræðslu og menntun nær hann bestum árangri. Ef enginn væri fræðarinn, væri engin siðmenning.

Menntun er af þrennu tagi: efnisleg, mannleg og andleg. Efnisleg uppfræðsla lýtur að þroska líkamans. Menntun fólksins snýst um menningu og framfarir, stjórnarhætti, skipulag samfélagsins, velferð manna, viðskipti og iðnað, listir og vísindi, mikilvægar uppgötvanir og völdug verkefni. Andleg menntun felst í því að öðlast fullkomnar guðlegar dyggðir. Þetta er hin sanna og raunverulega menntun, því með hennar tilstyrk þroskast andlegt eðli mannsins, æðra eðli hans.

Til að mannkynið taki framförum þarf það á að halda efnislegum, mannlegum og andlegum fræðara sem hefur skýrt umboð og myndugleika. Einhver gæti sagt: „Ég er miklum gáfum gæddur og hef enga þörf fyrir slíkan kennara.“ Hann væri þá að neita staðreynd sem liggur í augum uppi. Hann væri eins og barnið sem segði: „Ég

þarf enga fræðslu. Ég ætla að starfa samkvæmt mínum eigin hugsunum og gáfum og ná árangri á eigin forsendum.“

Mannkynið hefur alltaf haft þörf fyrir fullkominn fræðara, sem getur hjálpað því að koma skipan á mál sem tengjast næringu og líkamlegri heilsu, hvatt það til að taka framförum á sviði þekkingar, uppfinninga og uppgötvana og síðast en ekki síst blásið því í brjóst lífi andans. Engin venjuleg mannvera er fær um svo völdugt verkefni. Aðeins opinberendur Guðs hafa til þess vald. Þetta eru útvaldar sálir sem Guð sendir mönnunum öðru hvoru til þess að veita þeim alhliða uppfræðslu.

1. Lesum þessar staðhæfingar nokkrum sinnum í hópnum og hjálpum hvert öðru að skilja merkingu þeirra og innihald. Spyrjum hvert annað spurninga sem tengjast þessum hugmyndum og æfum okkur í að tjá þær eðlilega og af öryggi.
2. Ræðum þessu næst í hópnum hvernig koma má þessum hugmyndum á framfæri í samræðum. Auðvitað tilkynnum við ekki vinum okkar allt í einu að menntun og uppfræðsla sé af þrennu tagi. Þess vegna er brýnt að íhuga þau samskipti þar sem þessar hugmyndir eiga við. Kannski er umræðuefnið siðferðisleg hnignun samfélagsins eða hvernig vinna eigi að betri heimi. Hugleiðum samræður okkar við vini, vandamenn og kunningja. Hvíla einhver málefni á huga þeirra sem gætu gefið tilefni til umræðna um þessar hugmyndir?

---

---

---

---

---

3. Spurningar vakna oft í samtölum um málefni eins og þau sem fjallað er um hér að ofan. Hverju myndum við svara ef einhver spyrði: „Hverjir eru þessir fræðarar sem þú ert að tala um?“

---

---

---

4. Hér á eftir fara nokkrar tilvitnanir í rit Bahá'u'lláh sem tengjast þörf mannkynsins á fræðara. Hugleiðum þær og leggjum að minnsta kosti eina á minnið. Þannig getum við samofið orð ritanna okkar eigin máli þegar það á við.

**Allir menn hafa verið skapaðir til að stuðla að síframsækinni siðmenningu.<sup>1</sup>**

**Markmið hins eina sanna Guðs, upphafin sé dýrð Hans, með því að opinbera sig mönnum er að afhjúpa gimsteinana sem liggja faldir í námu þeirra sanna og innsta sjálfs.<sup>2</sup>**

**Tilgangur Guðs með því að senda mönnunum opinberendur sína er tvíþættur. Í fyrsta lagi að frelsa mannanna börn frá myrkri fáfræðinnar og leiða þau inn í ljós sanns skilnings. Í öðru lagi að tryggja frið og rósemi mannkyns og sjá fyrir öllu sem nauðsynlegt er til að slíkt geti tekist.<sup>3</sup>**

Á öllum tímum og í öllum aðstæðum þurfa menn á einhverjum að halda sem áminnir þá, fræðir, leiðbeinir og kennir.<sup>4</sup>

### 3. KAFLI

Eftirfarandi efnisgreinar lýsa því hvernig aðeins er hægt að þekkja Guð með fulltingi opinberenda hans. Þær geta komið að gagni þegar við tölum við vini okkar:

Lítum á óendanlegan alheiminn. Er hugsanlegt að hann gæti hafa orðið til án skapara? Eða að það sem hann hefur skapað geti nokkru sinni skilið veruleika hans? Ef við leiðum hugann að sköpunarverkinu gerum við okkur grein fyrir að allt sem er lægra stigs getur ekki skilið mátt þess sem er á hærri stigi. Hversu langt sem steinninn og tréð ná í þróun sinni geta þessi fyrirbæri náttúrunnar aldrei skilið mátt sjónar og heyrnar hinna æðri stiga. Dýrið getur aldrei skilið veruleika mannsins og orðið sér meðvitað um krafta mannsandans. Hvernig gætum við, sem sköpuð erum, skilið veruleika hans sem skapaði okkur?

Þótt skilningur okkar geti aldrei náð til Guðs, erum við ekki svipt þekkingu á honum. Öðru hverju birtist einstæð mannvera hér á jörðu sem opinberar eigindir Guðs. Öll fullkomnun, dýrð og hylli sem tilheyra Guði birtast í þessum heilögu opinberendum líkt og geislar sólarinnar í hreinum og tærum spegli. Að segja að spegillinn endurspegli ljós sólarinnar merkir ekki að sólin hafi stigið niður af hæðum og farið inn í spegilinn. Á sama hátt stígur Guð ekki niður af himni heilagleika síns niður á þetta tilverustig. Það sem átt er við er þetta: Allt sem mannkynið veit, lærir og skilur af nöfnum, eiginleikum og fullkomnun Guðs, vísar til og á sér aðsetur í heilögum opinberendum hans.

1. Þegar við höfum lesið þessar staðhæfingar nokkrum sinnum í hópnum og svarað spurningum um merkingu þeirra og innihald, ættum við að æfa okkur í að orða þessar hugmyndir af öryggi.
2. Ræðum núna í hópnum hvernig hægt er að fella þessar hugmyndir með eðlilegum hætti inn í almennar umræður. Þetta mætti auðveldlega gera, til dæmis í samtali um tilvist Guðs eða tilgang lífsins. Hvaða önnur málefni og spurningar vakna í samræðum í fjölskyldu okkar og meðal vina sem væru til þess fallnar að brydda upp á þessum hugmyndum?

---

---

---

---

---

3. Segjum sem svo að í samræðum við vini gefist tækifæri til að kynna þær hugmyndir sem við höfum verið að ígrunda. Hvernig myndum við svara ef einhver spyrði: „Hver er sú vitneskja sem við fáum um Guð með opinberendum hans?“

- 
- 
- 
4. Við gætum lagt á minnið eina eða fleiri af eftirfarandi tilvitnunum úr ritum Bahá'u'lláh og vitnað til þeirra þegar við ræðum við vini um þetta efni:

**Að þekkja og komast til Hans sem er uppspretta allra hluta er ógjörningur nema með því að þekkja og komast til þessara skínandi vera sem birtast frá sól sannleikans.<sup>5</sup>**

**Persóna opinberandans hefur ætíð verið fulltrúi og talsmaður Guðs. Hann er í sannleika sól ágætustu nafna Guðs og dagsbrún upphafinna eiginda Hans.<sup>6</sup>**

**Verið þess einnig fullvissir að gerðir og hegðun sérhvers opinberanda Guðs, nei, hvaðeina sem þeim viðkemur og þeir kunna að opinbera í framtíðinni, er fastráðið af Guði og endurspeglar vilja Hans og ásetning.<sup>7</sup>**

## 4. KAFLI

Eining trúarbragðanna er mörgum hugleikin og eftirfarandi hugmyndir geta komið að gagni við fjölmörg tækifæri:

Við verðum að elska ljósið sama úr hvaða lampa það skín. Við verðum að elska rósina sama í hvaða garði hún blómstrar. Við verðum leita sannleikans hvaðan sem hann kemur. Að festa hugann við einn lampa getur komið í veg fyrir að við metum að verðleikum ljós sem skín í öðrum. Þegar við leitum sannleikans verðum við að losa okkur við fyrirfram mótaðar hugmyndir og láta af fordómum. Ef bikarinn er fullur af okkar eigin sjálfi kemst vatn lífsins ekki fyrir í honum.

Trúin er ljós heimsins. Hún lýsir leið okkar og opnar okkur dyr takmarkalausrar hamingju. Þegar við rannsökum kenningar allra hinna miklu trúarbragða, laus við kreddukennd viðhorf og blinda eftirlíkingu, komumst við að því að þau hvíla öll á sama grunni og opinbera þekkingu á Guði. Þau stuðla að framförum í heimi mannkynsins.

Auðvitað er ágreiningur milla félagslegra laga og reglugerða sem trúarbrögðin hafa sett í samræmi við kröfur tímans og staðarins. En í eðli sínu eru öll trúarbrögð ein. Þau rækta trú, þekkingu, visku, réttlæti, guðrækni, göfuglyndi, grandvarleika, ást á Guði og kærleiksverk. Þau kenna hreinleika, andlega lausn frá veröldinni, auðmýkt, umburðarlyndi, þolinmæði og staðfestu. Þessar mannlegu dyggðir eru endurnýjaðar í sérhverju trúarkerfi.

Það er óheppilegt að margir skuli ekki geta gert sér grein fyrir grundvallareiningu trúarbragðanna vegna fordóma og blindrar eftirlíkingar. Leiðsögn Guðs til mannkyns er sannleikur, og sannleikurinn þekkir enga sundurgreiningu - hann er einn. Ef við rannsökum sannleikann sjálfstætt og setjum fyrirfram mótaðar hugmyndir til hliðar mun slík leit leiða til einingar. Trúin ætti að sameina okkur, hún verður að leggja grunn að ást og einingu meðal manna. Ef hún verður orsök fjandskapar og deilna er betra að vera án hennar.

1. Við ættum eins og áður að lesa þessar staðhæfingar nokkrum sinnum í hópnum, spyrja hvert annað spurninga sem tengjast hugmyndunum og æfa okkur í að koma þeim vel á framfæri.
2. Hugleiðum hvernig við getum fléttað þessar hugmyndir inn í samræður, t.d. um trúaráttök sem eru mönnum svo oft ofarlega í huga. Við gætum líka lent í því að vera á meðal vina sem ræða mikilvægi þess að rannsaka sannleikann og láta ekki blekkjast af áróðri. Hugsum aftur til nýlegra samtala við vini og nágranna, vinnufélaga og kunningja. Hvaða mál voru þeim hugleikin sem tengdust þessum hugmyndum og gætu notið gagns af þeim?

---

---

---

---

---

3. Hvernig myndum við svara ef einhver spyrði „Hvaða sannleikur er sameiginlegur öllum trúarbrögðum?“

---

---

---

4. Lagt er til að við leggjum eina eða tvær af eftirfarandi tilvitnunum úr ritum Bahá'u'lláh á minnið:

**Enginn vafi getur leikið á því að þjóðir jarðarinnar, hvaða kynþætti eða trúarbrögðum sem þær tilheyra, fá innblástur sinn frá einni himneskri uppsprettu og eru þegnar eins Guðs.<sup>8</sup>**

**Samneytið fylgjendum allra trúarbragða í anda vináttu og bræðralags.<sup>9</sup>**

**Grundvallarásetningur trúar Guðs og trúarbragða Hans er að vernda hag, stuðla að einingu og uppfóstra anda ástar og bræðralags meðal manna.<sup>10</sup>**

**Trú Guðs er sakir ástar og einingar, gerið hana ekki að ástæðu fjandskapar og sundurþykkju.<sup>11</sup>**

## 5. KAFLI

Næsta viðfangsefni til ígrundunar er tengsl vísinda og trúarbragða.

Trúarbrögð verða að samræmast vísindum. Guð hefur gefið okkur skynsemi til þess að bera kennsl á sannleikann. Þess er vænst að bæði vísindi og trúarbrögð séu í samræmi við heilbrigða skynsemi. Þess vegna ætti þau ekki að greina á. Þau eru tveir vængir sem gera mannlegum vitsmunum kleift að svífa til mikilla hæða. Mannkynið þarf á þessum tveimur vængjum að halda - einn nægir ekki.

Vísindin eru gjöf Guðs til manna. Þau uppgötva lögmál efnisheimsins og gera okkur fært að sigrast á þeim takmörkunum sem náttúran setur mönnunum. Með hjálp þeirra sjáum við hluti sem eru ósýnilegir berum augum og eigum samskipti hvert við annað heimshorna á milli á svipstundu. Vísindin sameina nútíð og fortíð og uppgötva leyndardóma framtíðar. Framfarir eru háðar vísindalegri þekkingu.

Trúarbrögð Guðs miðla okkur andlegum sannleika, styðja við þekkingu og siðmenntun mannkyns. Vísindi án trúarbragða efla hugarfar efnishyggjunnar sem leiðir að lokum til örvæntingar. Trúarbrögð sem eru á öndverðum meiði við vísindin eru hégiljur einar. Ef trúarbrögð og vísindi fara hönd í hönd í sátt og samlyndi munu hatrið og biturleikinn sem nú hrjá þorra mannkyns að miklu leyti hverfa.

1. Lesum þennan texta nokkrum sinnum í hópnum, hverja efnisgrein fyrir sig, og spyrjum hvert annað uns við höfum lært innihaldið nægilega vel til að geta tjáð það eðlilega.
2. Hvernig myndum við svara einhverjum sem segði: „Trúarbrögðin heyra sögunni til. Vísindi munu leysa öll vandamál mannkyns.“ Gagnlegt gæti verið að útskýra að það er ekki samasemmerki milli trúarbragða og hjátrúar, heldur verða þau hjátrúnni að bráð ef vísinda nýtur ekki við og á sama hátt leiða vísindi án trúarbragða til þeirrar furringar og andlegu meinsemda sem spretta af efnishyggjunni. Getum við gefið dæmi um þetta?

---

---

---

---

---

3. Lagt er til að við leggjum eina eða fleiri af eftirfarandi tilvitnunum úr ritum Bahá'u'lláh á minnið:

**Fremst meðal þeirra gjafa sem Hinn alháttugi hefur gefið manninum er skilningsgáfan. Tilgangur Hans með slíkri gjöf er enginn annar en sá að gera skepnum Hans kleift að þekkja og bera kennsl á hinn eina sanna Guð – vegsömuð sé dýrð Hans. Gjöf þessi veitir manninum vald til að greina sannleika allra hluta, leiðir hann á réttan veg og hjálpar honum að uppgötva leyndardóma sköpunarinnar.<sup>12</sup>**

**Virð fyrir þér heiminn og hugleið hann um stund. Hann lýkur upp bók síns eigin sjálfs fyrir augum þínum og opinberar það sem penni Drottins þíns, skaparans, Hans sem allt þekkir, hefur skráð í hana.<sup>13</sup>**

**Þekking er sem vængir í lífi mannsins og stigi fyrir uppgöngu hans. Öllum ber skylda til að afla sér hennar.<sup>14</sup>**



## 6. KAFLI

Eining mannkyns er efni sem endurómar í hjörtum fólks alls staðar nú um stundir og margir munu fagna því að ræða við okkur um hugmyndirnar sem kynntar eru hér að neðan.

Garður þar sem marglit og ilmandi blóm vaxa hlið við hlið gleður augað. Og þótt blómin séu með ýmsu móti nærir sama regnið sérhvert þeirra og þau njóta ljóss og hlýju einnar sólar. Þetta á líka við um mannkynið. Það samanstendur af mörgum kynþáttum og ýmsum litarhætti. En allir koma frá sama Guði og eiga sér sama uppruna. Fjölbreytileikinn í fjölskyldu mannsins ætti að vera uppspretta sáttar og samstillingar, líkt og í tónlistinni þar sem ýmsir tónar blandast saman og verða að völdugri hljómkviðu.

Eining er tilverunni nauðsyn. Ástin er orsök lífsins. Í efnisheiminum heldur aðdráttaraflíð öllum hlutum saman. Þetta lögmál sameinar ákveðna efnisþætti í formi fallegs blóms. En þegar þess nýtur ekki við fölnar blómið og sundrast að lokum í frumeindir sínar. Þannig er það með mannkynið. Aðdráttarafl, samlyndi, ást og eining eru öflin sem halda mannkyninu saman.

Bahá'u'lláh hefur áformað að sameina allar þjóðir heims. Við ættum að leggja okkur fram um að hjálpa þeim inn í þennan hring einingar. Þegar við hittum fólk af öðrum kynþáttum, þjóðernum, trúarbrögðum og skoðunum ættum við ekki að láta þennan mun hindra samskipti okkar. Við ættum að líta á þennan greinarmun sem marglitar rósir í fögrum garði mannkynsins, gleðjast yfir þeim og samneyta þeim í ást og eindrægni.

1. Eftir að hafa kynnt okkur staðhæfingarnar hér að ofan skulum við eins og áður leiða hugann að þeim samræðum sem eiga sér stað allt í kringum okkur. Nefnum nokkur málefni sem eru efst í huga fólks og gefa okkur tækifæri til að deila þessum hugmyndum með þeim?

---

---

---

---

2. Samtal um einingu mannkyns gæti leitt til umræðu um mikilvægi einingar í okkar eigin samfélagi. Getum við sagt nokkur orð um hvað við, hvert og eitt, getum lagt af mörkum í slíkum samræðum?

---

---

---

3. Við gætum lagt á minnið eina eða fleiri af eftirfarandi tilvitnunum og vísað til þeirra þegar við ræðum þessi efni við vini og kunningja:

**Tjaldbúð einingarinnar hefur verið reist, lítið ekki hver á annan sem ókunnuga. Þér eruð ávextir eins trés og lauf einnar greinar.<sup>15</sup>**

Svo öflugt er ljós einingarinnar að það getur upplýst allan heiminn.<sup>16</sup>

Snúið ásjónum yðar að einingu og látið ljós hennar skína á yður. Safnist saman og fastráðið sakir Guðs að uppræta hvaðeina sem veldur misklíð yðar á milli.<sup>17</sup>

Það sæmir mannum að halda fast við það sem stuðlar að samlyndi, góðvild og einingu.<sup>18</sup>

## 7. KAFLI

Eftirfarandi orð koma að gagni þegar við viljum leggja orð í belg í umræðum um málefni samfélagslegs réttlætis sem flestum mönnum er mjög ofarlega í huga:

Mismunandi hæfni fólks er grundvallaratriði í mannlegri tilvist. Fullkominn jöfnuður allra manna hvað varðar hæfni og getu er ekki mögulegur en samt ætti meginregla réttlætis að stjórna málefnum allra manna. Réttlæti er heilagur réttur hvers og eins og gæta verður að réttindum allra.

Réttlæti og réttvísi eru ekki háð neinum takmörkunum, þau eru allsherjargæði sem öll svið mannlífsins verða að njóta góðs af. Hver og einn þjóðfélagsþegn ætti að njóta ávinnings af farsælli siðmenningu því við tilheyrum öll einu mannkyni. Ef einn þjáist og líður neyð, þjáist óhjákvæmilega allir aðrir. Hvernig er mögulegt að einn líði neyð og að aðrir séu sáttir? Í samfélaginu er sár skortur á gagnkvæmni og samkennd, skipulaginu er ábótavant. Þörf er á lögum og meginreglum sem tryggja vellíðan og hamingju allrar fjölskyldu mannsins.

Réttlæti hvílir á stoðum umbunar og refsingar. Ríkisstjórnir sem skipaðar eru trúlausu fólki sem ekki óttast hegningu Guðs munu framfylgja óréttlátri löggjöf. Vonir um umbun og ótti við refsingu eru hvort tveggja nauðsynlegar ef koma á í veg fyrir kúgun og ranglæti. Löggjafar og þeir sem framfylgja lögnum verða að vera sér meðvitaðir um að ákvarðanir þeirra hafa andlegar afleiðingar. Ráðamenn sem trúa því að afleiðingar gerða þeirra muni fylgja þeim að loknu þessu jarðneska lífi og vita að dómar þeirra og gerðir verða vegnar á vogarskálum guðlegs réttlætis munu vissulega forðast að beita ofríki og kúgun.

1. Þegar við lærum að tjá þessar hugmyndir eðlilega og af öryggi skulum við velta því fyrir okkur hvaða umræðuefni gætu notið góðs af þeirri innsýn sem þær veita.

---

---

---

---

2. Hvernig svörum við þeim sem telja að aldrei verði hægt að koma í veg fyrir óréttlæti í heiminum?

---

---

---

3. Hér eru nokkrar tilvitnanir í rit Bahá'u'lláh sem tengjast réttlæti. Gagnlegt væri að leggja þær á minnið.

**Ljós mannanna er réttlætið, slökk það ekki með misvindum kúgunar og harðstjórnar. Tilgangur réttlætis er að eining birtist meðal manna.<sup>19</sup>**

**Ekkert ljós jafnast á við ljós réttlætisins. Skipulag heimsins og rósemi mannkyns velta á því.<sup>20</sup>**

**Það sem þjálfar heiminn er réttlæti því það hvílir á tveimur stöðum, umbun og refsingu. Þessar tvær stöðir eru uppspretta lífs fyrir heiminn.<sup>21</sup>**

## 8. KAFLI

Bilið milli ríkra og fátækra eykst með hverjum deginum sem líður og staðhæfingarnar hér á eftir hjálpa okkur að ræða þetta og önnur áþekk efni við vini okkar.

Vegna skorts á gagnkvæmni og samræmdum aðgerðum búa sumir þjóðfélagsþegnar við mikil þægindi og munað en aðra vantar mat og húsaskjól. Sumir vita ekki aura sinna tal en aðrir búa við sára örbirgð.

Lög samfélagsins verður að móta, og framfylgja þeim þannig að ekki sé mögulegt fyrir fáa að safna óheyrilegum auði meðan aðrir búa við sáran skort. Þetta þýðir ekki að allir verði að vera jafnir, því munur á stigi og hæfni er innbyggður í sköpunarverkið. En hægt er að útrýma ömurlegri ofgnótt auðs annars vegar og niðurlægjandi fátækt hins vegar. Ef það er rétt og eðlilegt að kapítalistinn njóti auðæfa er það jafn rétt og skylt að óbreyttur verkamaður hafi nóg að bíta og brenna. Þar sem við sjáum sára fátækt og harðrétti finnum við líka harðstjórn og ofríki.

Kjarni málsins er sá að guðlegt réttlæti verður að birtast við mannlegar aðstæður. Grundvallaratriði allra efnahagsmála eru guðlegs eðlis og tengjast heimi hjartans og andans. Hinir ríku verða að gefa af nægtum sínum, mýkja hjörtu sín og rækta með sér samhug og ábyrgðartilfinningu. Hjörtun verða að vera svo samtengd, ástin svo ríkjandi að auðmenn muni af fúsum og frjálsum vilja grípa til ráðstafana til að stuðla að efnahagslegu jafnvægi og leiðréttingum til frambúðar. Þeir verða að gera sér grein fyrir því að það er hvorki réttlátt né lögmætt að búa yfir miklu ríkidæmi meðan fátækt og skortur viðgangast í samfélaginu. Slík hugarfarsbreyting fær þá til að miðla fúslega af auðæfum sínum, en halda því eftir sem gerir þeim kleift að lifa hagfelldu lífi.

1. Lesum þessi orð og ígrundum þau í hópnum eins og áður. Margt kemur upp í hugann sem tengist auði og fátækt – atvinna, laun, húsnaði, svo eitthvað sé nefnt. Getum við nefnt önnur málefni sem tengjast þessum hugmyndum og eðlilegt væri að nefna í umræðu?

---

---

---

---

2. Hverju myndum við svara ef einhver sem heyrði okkur nefna þessar hugmyndir spyrði: „Ertu að segja að hinir ríku muni skilja og styðja strangar skattareglur og greiða fúslega sinn eðlilega hlut til sameiginlegra þarfa? Hvernig dettur þér í hug að það sé mögulegt?“

---

---

---

3. Lagt er til að við leggjum á minnið eina eða tvær þessara tilvitnana úr ritum Bahá'u'lláh:

**... þér verðið að bera góða og undursamlega ávöxtu, svo að þér sjálfir og aðrir megi hagnast af því. Þess vegna er yður gert að skyldu að iðka iðnir og atvinnugreinar, því að í þeim er fólgin leyndardómur auðsins, ó þér sem hafið skilning!<sup>22</sup>**

**Ef augu þín beinast að miskunn, hverf frá því sem gagnar þér og hald fast við það sem gagnar mannkyninu. Og ef augu þín beinast að réttlæti, veldu náunga þínum það sem þú velur sjálfum þér.<sup>23</sup>**

**Sæll er sá sem tekur bróður sinn fram yfir sjálfan sig.<sup>24</sup>**

**Ekkert góðverk hefur glatast né mun nokkru sinni glatast því að góðar gjörðir eru fjársjóðir sem varðveitast hjá Guði til hagsbóta fyrir gerendurna.<sup>25</sup>**

**... gætið þess að fara ekki yfir mörk hófseminnar og verða taldir til hinna óhófsömu.<sup>26</sup>**

## 9. KAFLI

Hér á eftir eru viðraðar nokkrar hugmyndir sem koma að gagni þegar rætt er um fordóma.

Fordómar af öllu tagi – hvort sem þeir varða trú, kynþætti, kynferði, þjóðerni eða efnahag – grafa undan undirstöðum mannlegs samfélags og eru í andstöðu við boð Guðs. Í þúsundir ára hefur mannkynið þjáðst vegna styrjalda og blóðsúthellinga sem rekja má til slíkra fordóma. Svo lengi sem þær eru viðvarandi mun mannkynið ekki fá hvíld.

Guð hefur sent opinberendur sína í þeim eina tilgangi að skapa ást og einingu. Öll helgirit trúarinnar eru orð ástar og samlyndis. Reynist þær skapa firringu, bera orð þeirra engan ávöxt. Þess vegna eru trúarfordómar í fullkominni andstöðu við vilja og boð Guðs.

Þjóðernisfordómar eru með öllu óréttlætanlegir. Jörðin er eitt land, ein ættjörð. Mörkin sem aðgreina þjóðir heims eru mannaverk og einskær ímyndun - þau voru ekki sett af Guði. Mennirnir láta stórfljót marka landamæri tveggja ríkja og gefa þeim sitt hvort nafnið, en fljótið var skapað fyrir bæði löndin og því má líkja við náttúrulega slagæð fyrir alla. Eru það ekki fáfræði og hugarburður sem eru að baki hugarfari manna sem gera auðlindir mannkyns að tilefni styrjalda og tortímingar.

Kynþáttafordómar eru ekkert annað en hjátrú. Hörundslitur er aðeins til marks um að forfeður mannkyns aðlöguðu sig loftslagi og umhverfi í aldanna rás. Eðlisfar mannsins er hið eina sanna viðmið. Ágæti hans er ekki háð kynþætti og lit. Trú, hreinleiki hjartans, góðar gerðir og lofsvert framferði er það sem er þóknanlegt í augum Guðs.

Lengst af hafa konur lotið valdi karla og þær verið beittar rangindum. Munurinn á körlum og konum er líkamlegs eðlis, í heimi andans eru karlar og konur jafnokar á öllum sviðum. Enginn greinarmunur er á karli og konu í augum Guðs. Allt mannkyn hefur verið gætt gáfum og skynjun. Allir geta ræktað með sér dyggðir. Engar kringumstæður réttlæta mismunun á grundvelli kynferðis á okkar tímum.

Samkvæmt Gamla testamentinu sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss.“ Þetta á auðvitað einnig við um konur. Maðurinn hefur verið skapaður í mynd Guðs, það er að segja, guðlegar dyggðir endurspeglast og birtast í veruleika mannsins. Þetta á við um allt mannkyn. Hversu fullkomlega fjarstæðukennt er ekki að halda því fram að aðeins þeir sem hafa sama hörundslit og eru af sama þjóðerni hafi verið skapaðir í mynd Guðs. Hversu fátíðlegt væri ekki að gefa í skyn að aðeins auðmenn séu í hans mynd eða að mælikvarði nálægðar við Guð séu embætti og þjóðfélagsstaða. Mannkynið getur ekki öðlast upplýsingu nema með því að snúa baki við fordómum og öðlast siðferði Guðsríkis.

1. Ígrundum þessi orð eins og áður og hugsum síðan um nokkrar krefjandi fullyrðingar vina og nágranna í tengslum við samræður um að útrýma fordómum.

---

---

---

---

2. Hverju myndum við svara ef einhver sem hlýddi á hugmyndirnar að ofan myndi spyrja: „Getum við alið með okkur fordóma án þess að vita af því?“

---

---

---

3. Þegar við ræðum þessar hugmyndir eiga þessar tilvitnanir í rit Bahá'u'lláh vel við í umræðunni:

**Jörðin er aðeins eitt land og mannkynið íbúar þess.<sup>27</sup>**

**Allir teinungar heimsins eru runnir af einu tré og allir dropar eru úr einu hafi og allar verur eiga tilvist sína að þakka einni Verund.<sup>28</sup>**

**Sá er að sönnu maður sem í dag helgar sig þjónustu við allt mannkynið.<sup>29</sup>**

**Ljós góðrar skaphafnar skín skærar en sólin í ljóma sínum.<sup>30</sup>**

**Heiður mannsins felst ekki í auðæfum og skarti heldur í dyggðugri hegðun og sönnum skilningi.<sup>31</sup>**

**Guð gefi að yður megi verða náðarsamlega hjálpað undir öllum kringumstæðum að brjóta skurðgoð hjátrúar og rífa sundur blæjur hégómlegs hugarburðar manna.<sup>32</sup>**

**Gálausastur allra manna er sá sem þrætir fáfengilega og reynir að upphefja sig yfir bróður sinn.<sup>33</sup>**

## 10. KAFLI

Í samræðum við vini getum við oft notað hugmyndirnar um jafna stöðu karla og kvenna sem raktar eru hér á eftir:

Ljós og hiti sólarinnar afhjúpa efnislegan veruleika alls sem er á jörðu. Ávöxturinn sem dylst í trénu vex á greininni í krafti sólarljóssins. Sól sannleikans, sem skín í fullum ljóma á hinum andlega himni, birtir einnig veruleika sem ekki var áður kunnur. Þess vegna hefur meginreglan um jafna stöðu karla og kvenna fengið fulla viðurkenningu á okkar tímum og er nú öllum ljós.

Bahá'u'lláh hefur lýst því yfir með skýrum hætti að í augum Guðs sé enginn greinarmunur á körlum og konum. Það misrétti sem viðgengist hefur um aldir á ekki rót sína að rekja til yfirburða karla - konur hafa einfaldlega ekki fengið sömu tækifæri til að þróa alla möguleika sína. Þrátt fyrir fordóma gagnvart þeim geymir sagan hins vegar frásagnir um líf fjölmargra kvenna sem unnið hafa framúrskarandi afrek.

Ein slík var persneska skáldkonan Táhírih. Hún fæddist snemma á nítjándu öld í landi þar sem konur voru mun lægra settar en karlar. Hún var fyrsta konan sem jataðist sannleika nýrrar opinberunar Guðs. Þegar hún varð vitni að þessari nýju dögum sannfærðist hún um að tími væri kominn til að viðurkenna jafna stöðu karla og kvenna. Hún helgaði þessum sannleika alla krafta sína. Þekking hennar og orðsnilld ollu lærðustu mönnum samtímans furðu. Þótt öllum kúgunaröflum konungsvalds og fáfróðrar klerkastéttar væri beint gegn henni, vék hún aldrei hársbreidd frá málstað sannleikans. Og að lokum fórnaði hún lífi sínu fyrir þennan málstað sem hún hafði svo staðfastlega fylgt.

Trú á annað en vilja og ásetning Guðs er fáfræði og hjátrú. Í dag verða konur að njóta allra réttinda og tækifæra til menntunar og þær munu hasla sér völl við hlið karla á öllum sviðum mannlegrar viðleitni. Mannkynið mun ekki taka neinum raunverulegum framförum fyrr en karlar og konur standa raunverulega jafnfætis á þessu jarðneska sviði eins og á andlega sviðinu.

1. Við skulum ígrunda þessa staðhæfingu og æfa okkur í að orða þessar hugmyndir. Höfum við átt einhver samtöl nýlega við vini sem hafa haft gagn af þessari innsýn? Hvaða mál voru þá til umræðu?

---

---

---

---

2. Nefnum einhver þeirra viðhorfa og skoðana sem eru ríkjandi í samfélagi nútímans og verða að breytast ef konur eiga að fá fullt jafnrétti á öllum sviðum?

---

---

---

3. Hér eru nokkrar tilvitnanir úr ritum Bahá'u'lláh sem við gætum lagt á minnið.

**Konur og karlar hafa verið og munu ávallt vera jöfn fyrir augliti Guðs.<sup>34</sup>**

**Vitið þér eigi hvers vegna Vér sköpuðum yður öll af sama dufti? Til þess að enginn skyldi upphefja sig yfir annan.<sup>35</sup>**

**Á þessum degi hefur hönd guðlegrar náðar fjarlægt allan mismun. Þjónar Guðs og þjónustumejar Hans eru talin á sama sviði.<sup>36</sup>**

## 11. KAFLI

Að lokum eruð þið beðin um að skoða nánar viðfangsefnið allsherjarmenntun:

Efling menntunar er brýnasta krafa samtímans. Engri þjóð getur vegnað vel nema hún setji menntun þegna sinna í forgang. Helsta ástæðan fyrir hnignun þjóða er skortur á aðgengi að þekkingu.

Menntun verður að hefjast strax eftir að börnin koma í heiminn. Það er skylda föður og móður að gera sitt ýtrasta til að mennta börnin sín, móta og faga lyndiseinkunn þeirra samkvæmt andlegum og siðferðilegum lögmálum og sjá til þess að þau fái þjálfun í listum og vísindum. Mæður eru fyrstu kennarar mannkynsins, þær ala börnin sín við brjóst þekkingar. Mennta verður sérhvert barn og það má undir engum kringumstæðum vanrækja. Ef foreldrar geta ekki staðið undir nauðsynlegum kostnaði við menntun þeirra verður samfélagið að rækja það hlutverk.

Menntun ætti að þroska í sérhverri manneskju löngun til að ná framúrskarandi árangri. Við ættum að heillast af mannlegri fullkomnun og sækjast eftir henni af ástríðu. Við ættum að sækjast eftir andlegum auðkennum, verða þekkt fyrir mannlegar dyggðir – fyrir einlægni, tryggð, þjónustu við mannkynið, ást og réttlæti. Við verðum að leitast við að auðkenna okkur með því að stuðla að friði og einingu og efla lærdóm. Að leiðbeina mönnum á þessari braut er raunverulegt verkefni menntunar.

1. Eftir að hafa ígrundað í hópnum það sem hér er sagt, skulum við reyna að greina nokkur þeirra áhyggjuefna sem vinir okkar hafa varðandi menntun. Hvernig snúa þessar hugmyndir að áhyggjum þeirra?

---

---

---

---

2. Ef við viljum getum við lagt eina eða fleiri af eftirfarandi tilvitnunum í rit Bahá'u'lláh á minnið:

**Ef maðurinn er rúinn þekkingu og hæfileikum verður hann eins og nakið og gróðurlaust tré.<sup>37</sup>**

**Einbeitið huga yðar og vilja að uppfræðslu þjóða og ættkvísla jarðarinnar ...<sup>38</sup>**

**Listir, iðngreinar og vísindi efla heim verundar og leiða til upphafningar hans.<sup>39</sup>**

**Í sannleika er þekking mannum raunverulegur fjársjóður og uppspretta dýrðar, örlætis, fagnaðar, upphafningar, gleði og ánægju.<sup>40</sup>**

## 12. KAFLI

Friður er ofarlega á baugi í hugum allra manna. Grundvöllun hans er brýnasta nauðsynjamálið. Nú þegar við höfum hugleitt meginreglurnar sem lýst var hér á undan gæti verið gagnlegt að velta fyrir sér spurningunni um allsherjafrið.

Margt veltur að sjálfsögðu á því að stjórnvöld grípi til raunhæfra ráðstafana til að útrýma stríði. Pólitískir samningar um lausn deilumála og fækkun vopna eru nauðsynlegir þættir í leit að friði, sem og hverskonar alþjóðlegt samstarf þjóðanna. Hversu mikilvægar sem slíkar ráðstafanir eru munu þær ekki leiða til varanlegs friðar ef meginreglurnar, sem áður voru nefndar, taka ekki gildi um allan heim. Ef fólk rannsakar ekki raunveruleikann og hvað betur má fara og skilur þar af leiðandi ekki að sannleikurinn er einn, verðum við að spyrja okkur hvort hægt sé að útrýma ævafornum fjandskap og hvort hann verði ekki áfram við lýði? Við erum öll af sama uppruna. Guð vakir yfir okkur öllum og þjálfar okkur með atfylgi opinberenda sinna. Kenningar þeirra hvíla á einum og sama grunni ástar og vináttu. Aðeins þegar eining trúarbragðanna hlýtur almenna viðurkenningu munu trúaráttök hverfa úr sögunni og ljós trúarinnar lýsa veginn til friðar. Spyrja verður hvort ekki sé nauðsynlegt að vísindi og trúarbrögð vinni saman í sátt til að flæma á brott dimm ský fáfræðinnar og sýni fram á fals og fláttskap hverskyns fordóma, sem eru mesti þrándur í götu friðar og samlyndis? Enn má spyrja hvort hægt sé að byggja upp friðsælan heim ef ekki er tekið á óeðlilegum mismun ríkidæmis og fátæktar í öllum heimshornum? Og það verður ekki fyrr en konur fá að starfa á öllum sviðum mannglegrar viðleitni til jafns við karla sem ofbeldið og hatrið, sem hafa einkennt sögu mannsins í gegnum tíðina, víkja fyrir friði og sannri velferð. Mennta verður upprennandi kynslóðir um allan heim samkvæmt slíkum meginreglum, annars hverfur öll von um frið. Við gætum lagt eftirfarandi orð Bahá'u'lláh á minnið og deilt þeim með öðrum sem bera kvíðboga fyrir framtíð mannkyns:

**Velferð mannkyns, friður þess og öryggi, verður aldrei að veruleika nema eða fyrr en eining þess er tryggilega staðfest.<sup>41</sup>**



## TILVÍSANIR

1. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 109, efnisgr. 2.
2. Sama rit, nr. 132, efnisgr. 1.
3. Sama rit, nr. 34, efnisgr. 5.
4. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas] (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1988, 2005 printing), nr. 11.1, bls. 161.
5. Bahá'u'lláh, *Kitáb-i-Íqán: Bók fullvissunnar*, efnisgr. 151.
6. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 28, efnisgr. 2.
7. Sama rit, nr. 24, efnisgr. 1.
8. Sama rit, nr. 111, efnisgr. 1.
9. Sama rit, nr. 43, efnisgr. 6.
10. Sama rit, nr. 110, efnisgr. 1.
11. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 15.4, bls. 220.
12. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 95, efnisgr. 1.
13. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 9.13, bls. 141.
14. Sama rit, nr. 5.13, bls. 51.
15. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 112, efnisgr. 1.
16. Sama rit, nr. 132, efnisgr. 3.
17. Sama rit, nr. 111, efnisgr. 1.
18. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 7.20, bls. 90.
19. Sama rit, nr. 6.25, bls. 66–67.
20. Bahá'u'lláh, tilvitnun Shoghi Effendi í *Guðlegt réttlæti í nánd*, efnisgr. 42.
21. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 3.23, bls. 27.
22. Bahá'u'lláh, *Hulín orð*, úr persnesku, nr. 80.

23. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 6.19, bls. 64.
24. Sama rit, nr. 6.37, bls. 71.
25. Bahá'u'lláh, í *Huqúqu'lláh – Réttur Guðs: Samantekt úr ritum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá auk bréfa sem Shoghi Effendi og Allsherjarhúss réttvísinnar hafa skrifað eða skrifuð voru fyrir þeirra hönd*, samantekt Rannsóknardeildar Allsherjarhúss réttvísinnar, nr. 16.
26. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 118, efnisgr. 2.
27. Sama rit, nr. 117, efnisgr. 1.
28. Bahá'u'lláh, tilvitnun Shoghi Effendi í *The Promised Day Is Come* [Dagurinn fyrirheitni er runninn] (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1996, 2018 printing), efnisgr. 279, bls. 187.
29. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 117, efnisgr. 1.
30. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 4.11, bls. 36.
31. Sama rit, nr. 6.3, bls. 57.
32. Sama rit, nr. 6.3, bls. 58.
33. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 5.
34. Bahá'u'lláh, *Women: Extracts from the Writings of Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, Shoghi Effendi and the Universal House of Justice* [Konur: Útdrættir úr ritum Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, Shoghi Effendi og Allsherjarhúss réttvísinnar], tekið saman af Rannsóknardeild Allsherjarhúss réttvísinnar (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1986, 1997 printing), nr. 54, bls. 26.
35. *Hulin orð*, úr arabísku, nr. 68.
36. Bahá'u'lláh, í samantektinni *Women* [Konur], nr. 3, bls. 3.
37. Bahá'u'lláh, í *Excellence in All Things: A Compilation of Extracts from the Bahá'í Writings* [Afburðarárangur á öllum sviðum: Samantekt útdráttar úr bahá'í ritunum], tekið saman af Rannsóknardeild Allsherjarhúss réttvísinnar (London: Bahá'í Publishing Trust, 1981, 1989 printing), nr. 5, bls. 2.
38. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 156, efnisgr. 1.
39. Bahá'u'lláh, *Epistle to the Son of the Wolf* [Pistill til sonar úlfsins] (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1988, 2016 printing), bls. 26.
40. *Tablets of Bahá'u'lláh Revealed after the Kitáb-i-Aqdas* [Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas], nr. 5.13, bls. 52.
41. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 131, efnisgr. 2.



# Dýpkunarefni

Tilgangur

Að þróa með sér þá venju að heimsækja vini og nágranna  
til að ræða málefni sem hafa andlega þýðingu



## 1. KAFLI

Þessi þriðji bókarhluti fjallar eins og hinir fyrri um hæfni sem gerir okkur kleift að halda uppi þroskandi og innihaldsríkum samræðum. Áherslan í öðrum bókarhluta var á þau fjölmörgu tækifæri sem gefast til að hefja samræður á hærri plan með því að vísa til andlegra meginreglna. Hér er áherslan á heimsóknir á heimili vina og nágranna til að kanna með þeim málefni sem eru mikilvæg í lífi samfélagsins.

Í byggðum og borgarhverfum um allan heim eru vinahópar uppteknir við verkefni sem fela í sér reglulegar helgistundir, andlega uppfræðslu barna, unglingakennslu, námshringi, unglingabúðir og ýmis konar herferðir. Þar sem þetta aðgerðamynstur festir rætur í byggð og borg og þegar sífellt fleiri helga sig þjónustuverkefnum, eflist vinahópurinn að stærð og styrk. Kerfisbundin áætlun um heimsóknir til sífellt fleiri heimila í byggðarlaginu eða hverfinu er mikilvægur þáttur í því ferli samfélagsuppbyggingar sem nú er að komast á skrið. Fjallað er um fjölbreytt efni í slíkum heimsóknum. Kennari í bahá'í barnakennslu þarf til dæmis oft að heimsækja foreldra krakkanna til að ræða atriði sem máli skipta fyrir kennsluna. Hvetjarar og leiðbeinendur þurfa að fara í svipaðar heimsóknir á heimili unglinga og ungmenna til að ræða efni sem varða áskoranir og tækifæri sem fylgja þessum uppvaxtarárum. Samræður við heimilisfólk um efni sem dýpkar þekkingu þess á trúnni reynast jafn nauðsynlegar. Að öllu samanlögðu er ekki hægt að ofmeta áhrif slíkra heimsókna á vináttumeninguna sem myndast í samfélaginu.

## 2. KAFLI

Í þessum hluta munum við hugsa okkur hverfi þar sem ferlið sem lýst er hér að framan er að þróast. Við munum nota það í samhengi við þær samræður sem geta þróast í heimsóknum á heimili.

Alejandra er ung kona á þriðja ári í háskóla. Hún og einn bræðra hennar, sem einnig er námsmaður, búa hjá foreldrum sínum í húsinu þar sem þau fæddust og ólust upp. Þessi fjögur, ásamt ungu pari sem nýlega flutti í hverfið, hittast í hverri viku til að biðja og hafa samráð um framvindu aðgerða sem eiga sér stað í bæ með um 8000 íbúum. Þrír til viðbótar taka af og til þátt í þessum vikulegu fundum og eru farnir að koma skipulagi, ekki aðeins á sína eigin þjónustu heldur einnig allt uppbyggingarferlið í samfélaginu. Þetta eru kennari sem hóf barnakennslu fyrir hálfu ári og tvö sautján ára gömul ungmenni sem leiðbeina unglingahópi með aðstoð eldri bróður Alejöndru, en hann var hvetjari með sinn eigin hóp þegar þau voru yngri og heimsækir foreldra sína reglulega.

Fyrstu samræðurnar sem við skoðum eiga sér stað milli Alejöndru og Sanchez fjölskyldunnar sem er vel þekkt og virt í hverfinu. Hjónin sem eru á sextugsaldri hafa alið upp syni sína og dætur og búa nokkrar húsaraðir frá heimili Alejöndru. Þau eru bæði læs en hafa ekki fengið mikla formlega menntun. Sú virðing sem þau njóta stafar af visku og lífsreynslu sem þau hafa öðlast með örlæti sínu við aðra og hreinum gerðum í lífinu. Þau hafa þekkt til bahá'í kenninga um nokkurt skeið, en aðeins nýlega ákváðu þau að rannsaka þær af fullri alvöru. Fyrir einni viku skýrðu þau foreldrum Alejöndru frá að þau langaði til að ganga í samfélagið. Samfundur til að bjóða þau velkomin hefur þegar verið skipulagður og að auki hefur orðið að ráði að Alejandra heimsæki þau reglulega í nokkrar vikur til að dýpka þekkingu þeirra á trúnni. Með því að lesa frásögnina af þessum heimsóknum getum við kannað efnið sem Alejandra kynnir þeim og velt um leið fyrir okkur framvindu samræðna við slík tækifæri.

### 3. KAFLI

Alejandra ætlar að byggja fyrsta samtal sitt við Sanchez hjónin á þessari stuttu kynningu á eilífum sáttmála Guðs.

Skapari alls er Guð, hinn eini og óviðjafnanlegi, hinn sjálfumnógi. Bahá'u'lláh kennir okkur að innsta eðli Guðs sé órannsakanlegt mannlegum huga, því hið takmarkaða getur ekki skilið hið takmarkalausa. Það sem menn segja um Guð er aðeins afurð þeirra eigin ímyndana. Guð er ekki maður og hann er ekki aðeins máttur sem umlykur alheiminn. Orð og nöfn sem við notum til að vísa til Guðs, skapara alls sem er, svo sem himneskur faðir, guðdómlegur kraftur, hinn mikli andi o.s.frv., tjá nöfn hans og eiginleika á mannlegu máli en þau nægja alls ekki til að lýsa eðli hans.

Í Huldum orðum lesum við:

**Ó mannssonur! Ég unni sköpun þinni, því skóp Ég þig. Elska Mig, svo að Ég megi nefna nafn þitt og fylla sál þína anda lífsins.<sup>1</sup>**

Í þessari tilvitnun segir Bahá'u'lláh okkur að ást Guðs á mönnunum sé ástæða þess að við erum til. Við verðum alltaf að vera meðvituð um þessa ást, sem verndar okkur, viðheldur og fyllir okkur anda lífsins. Þegar erfiðleikar eða hamingja steðja að, sorg eða gleði verðum við að muna að ást hans umlykur okkur allar stundir.

Af bahá'í kenningum lærum við að eftir að hafa skapað okkur í krafti ástar sinnar hefur Guð gert sáttmála við okkur. Orðið „sáttmáli“ þýðir samkomulag eða fyrirheit milli tveggja eða fleiri aðila. Samkvæmt hinum eilífa sáttmála mun algjöfll Skapari okkar aldrei yfirgefa okkur og hann birtir okkur öðru hvoru vilja sinn og áform með atbeina eins af opinberendum sínum.

Sögnin „að opinbera“ þýðir að birta eitthvað sem var áður óþekkt. Opinberendur Guðs eru þessar sérstæðu verur sem birta okkur orð Guðs. Þeir eru allsherjar fræðarar sem kenna okkur að lifa í samræmi við vilja Guðs til þess að við getum öðlast sanna hamingju. Meðal þessara opinberenda eru Abraham, Krishna, Móse, Sarapústra, Búdda, Kristur, Múhameð og að sjálfsögðu Bábinn og Bahá'u'lláh, tvenndarbirting Guðs fyrir þennan tíma mannkynssögunnar.

Guð hefur alltaf staðið við sinn hlut í hinum eilífa sáttmála. Grundvallarspurningin sem við verðum öll að spyrja okkur sjálf er þessi: „Hvernig stend ég við minn hlut í sáttmálanum?“ Svarið sem finna má í öllum trúarritum er að það gerum við með því að viðurkenna opinberanda Guðs og fara eftir kenningum hans og fyrirmælum. Þetta er sjálfur tilgangurinn í lífi okkar: að þekkja Guð og tilbiðja hann. Í stuttu skyldubæninni segjum við:

**Ég ber því vitni, ó Guð minn, að Þú hefur skapað mig til að þekkja Þig og tilbiðja Þig. Ég staðfesti á þessu andartaki vanmátt minn og mátt Þinn, fátækt mína og auðlegð Þína.**

**Enginn er Guð nema Þú, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.<sup>2</sup>**

Þar sem okkur er ógerlegt að þekkja Guð nema með atbeina opinberenda hans, getum við aðeins uppfyllt tilgang lífsins með því að þekkja opinberandann og fylgja kenningum hans. Hjörtu okkar fyllast þakklæti fyrir þá gjöf sem okkur er gefin - að

fá að upplifa þennan dag þegar fyrirheitin sem gefin eru í öllum helgiritum um frið og réttlæti á jörðu eru að rætast. Bahá'u'lláh segir:

**Þetta er dagurinn þegar ágætustu gjöfum Guðs hefur rignt yfir mennina, dagurinn þegar máttugasta miskunn Hans veitist öllu sem skapað er. Öllum þjóðum jarðar ber að jafna ágreining sinn og hvílast í fullkominni einingu og friði í skugganum af tré umhyggju Hans og ástríkis.<sup>3</sup>**

Áður en við höldum áfram skulum við lesa útskýringarnar hér að ofan og velta þeim vel fyrir okkur með öðrum þátttakendum í hópnum. Við getum spurt hvert annað og svarað uns okkur tekst að tjá þessar hugmyndir eðlilega og af öryggi. Sérstaklega er mikilvægt að læra tilvitnanirnar, því það hefur mikil áhrif í umræðum af þessu tagi að deila orðum úr helgiritunum með öðrum. Eftirfarandi æfingar koma að gagni þegar við hugleiðum hugmyndirnar sem koma fram í þessum kafla og um merkingu tilvitnananna:

1. Hvernig útskýrum við fyrir einhverjum að Guð sé óþekkkjanlegur í eðli sínu? Fyrsta efnisgreinin hér að ofan kemur að gagni í þessum efnum.

---

---

---

---

2. Hvers vegna skapaði Guð okkur? \_\_\_\_\_

---

3. Hvað þýðir orðið „sáttmáli“? \_\_\_\_\_

---

4. Hverju hét Guð í eilífum sáttmála sínum við mannkynið? \_\_\_\_\_

---

5. Hver er tilgangurinn með lífi okkar? \_\_\_\_\_

---

6. Ef við getum aldrei þekkt Guð í eðli sínu hvað merkir þá að tilgangurinn með lífi okkar sé að þekkja Guð? \_\_\_\_\_

---

7. Hver er merking orðsins að „opinbera“? \_\_\_\_\_

---

8. Nefnum nokkra opinberendur Guðs: \_\_\_\_\_

---

---

---

9. Hvernig eigum við að standa við okkar hlut í sáttmálanum? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
10. Ljúkum við þessar setningar:
- a. Á þessum degi hefur \_\_\_\_\_ verið úthellt yfir mennina.
  - b. Á þessum degi veitist \_\_\_\_\_ öllu sem skapað er.
  - c. Á þessum degi ber okkur að \_\_\_\_\_ ágreining okkar og \_\_\_\_\_ í fullkominni einingu og friði \_\_\_\_\_ .
11. Hvað biður Bahá'u'lláh þjóðir heimsins að gera? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

#### 4. KAFLI

Efnið sem Alejandra ætlar að deila með Sanchez hjónunum er ekki það eina sem henni er hugleikið. Hún vonast til að geta byggt upp traust vináttubönd við þessi hjón. Hún þekkir slæm áhrif fordóma og yfirlætis af eigin raun. Þetta ætlar hún auðvitað að forðast - nám hennar og þekking hafa ekki dregið úr auðmýkt hennar. Hún hefur ósvikna ást á og virðingu fyrir Sanchez hjónunum. Þegar hún veltir fyrir sér hvernig hún eigi að útskýra fyrstu atriðin fyrir þeim minnir hún sjálfa sig á að þetta sé upphafið að áframhaldandi samtali sem eigi eftir að þróast í margar vikur. Hún viðurkennir að þótt mikilvægt sé að setja hugmyndirnar skýrt fram þurfi hún að staldra við á ákveðnum stöðum til að hlusta á viðbrögð hjónanna. „Ég ætla ekki að vera kvíðin,“ segir hún við sjálfa sig, „því þá held ég áfram að tala og tala og það kemur í veg fyrir að alvöru samræður.“ Á þessa leið heldur Alejandra áfram að hugsa um fyrirhugaða heimsókn sína. Ef við værum í hennar sporum hvað myndum við telja viðeigandi að minnar okkur á?

- \_\_\_\_\_ Það er mitt hlutverk að fræða Sanchez hjónin um trúna og sjá til þess að þau læri allt sem ég kenni þeim.
- \_\_\_\_\_ Hvílík forréttindi að geta varið tíma með þessum yndislegu hjónum og deilt með þeim tilvitnunum úr ritunum.
- \_\_\_\_\_ Ég veit að þessi heimsókn er mikilvæg. Samt vona ég að hún taki ekki langan tíma vegna þess að ég hef ýmislegt annað að gera.
- \_\_\_\_\_ Tilvitnanirnar verða þeim of erfiðar. Ég ætti aðeins að nefna nokkrar einfaldar hugmyndir. Það sem skiptir máli er að sýna þeim ást og alúð.
- \_\_\_\_\_ Þau eru orðin nokkuð roskin og geta ekki lært mikið.
- \_\_\_\_\_ Ég hlakka til heimsóknarinnar og að heyra hvað þau segja þegar við ræðum efnið og veltum fyrir okkur tilvitnunum.
- \_\_\_\_\_ Þau eru læs. Ég kynni bara efnið og læt þeim eftir að kynna sér tilvitnanirnar.



- \_\_\_\_\_ Þegar ég kynni hugmyndir þarf ég oft að staldra við svo að við getum kynnt okkur tilvitnanir saman og haft samráð um þær.
- \_\_\_\_\_ Ég vona að ég geti kynnt allt efnið án þess að þau trufla mig og svo spyr ég þau svo í lokin hvort þau hafi einhverjar spurningar.

Getið þið hugsað ykkur eitthvað annað sem þið mynduð vilja hafa með eða sleppa í undirbúningi að slíkri heimsókn?

## 5. KAFLI

Fyrsta heimsókn Alejöndru á Sanchez heimilið gengur að óskum. Hjónin taka eftir því að hún er tugaóstyrk og reyna að róa hana með hlýju viðmóti. Þau hlusta af athygli, taka fullan þátt í umræðunni og huga sérstaklega að tilvitnununum. Einu erfiðleikarnir koma í lokin þegar frú Sanchez kemur Alejöndru á óvart með spurningunni: „Er ég að gleyma Kristi með því að ganga í bahá’í samfélagið?“ Alejandra veit svarið en það tekur tíma að móta það í huganum. Eiginmaðurinn brosir og kemur henni til hjálpar: „Ég held að ást mín á Kristi hafi í raun vaxið eftir að við heyrðum um bahá’í kenningarnar.“ „Og þannig er því varið með fjölmarga um allan heim,“ bætir Alejandra við. „Ást þeirra á Móse, Kristi, Krishna, Búdda, Sarapústra og Múhamed styrkist vegna þess sem Bahá’u’lláh kennir um einingu Guðs, einingu trúarbragða og einingu mannkyns.“

Gagnlegt væri fyrir okkur í hópnum að ræða aðeins um eiginleikana og viðhorfin sem hljóta að hafa verið til staðar í heimsókn Alejöndru og gert hana svo árangursríka. Meðal þeirra helstu sem huga þarf að er auðmýkt. Grundvöllur allrar auðmýktar er undirgefni frammi fyrir Guði. Af henni sprettur auðmýkt gagnvart þeim sem hann hefur skapað. Auðmýkt er aldrei mikilvægari en þegar maður talar um Guð og opinberendur hans. Íhugum eftirfarandi orð Bahá’u’lláh og reynum að leggja þau á minnið:

**Hvar sem ástvinir Guðs koma saman og hverjum sem þeir kunna að mæta verður viðhorf þeirra til Guðs og vegsömun á dýrð Hans að mótast af slíkri undirgefni og auðmýkt, að sérhver öreind duftsins undir fótum þeirra beri innilegri hollustu þeirra vitni. Slíkur máttur ætti að upplýsa samræður þessara heilögu sálna að hann hrífi með sér þessar sömu öreindir duftsins. Þessar sálir verða að hegða sér með þeim hætti að jörðinni sem þær ganga á leyfist aldrei að ávarpa þær orðum sem þessum: „Ég er yður fremri. Því sjá hve þolinmóð ég ber byrðina sem jarðyrkjumaðurinn leggur á mig. Ég er tækið sem í sífellu veitir öllum sköpuðum verum þær blessanir sem Hann, uppspretta allrar náðar, hefur trúað mér fyrir. Þrátt fyrir þennan heiður sem mér hefur veist og ótölulega vitnisburði um auðlegð mína – auðlegð sem uppfyllir þarfir alls sköpunarverksins – lítið auðmýkt mína, sjáið í hve fullkominni undirgefni ég læt mér lynda að vera troðin undir fótum manna. ...“<sup>4</sup>**

Eins og áður segir sprettur auðmýkt fyrir samferðamönnum okkar af auðmýkt fyrir Guði. Það er með þessari sömu auðmýkt sem við tileinkum okkur bænærkið hugarfar þegar við heimsækjum vin eða nágranna í því skyni að dýpka skilning okkar á ákveðnum málefnum sem tengjast trúnni. Í samtalinu beinum við huganum oft til Guðs og biðjum hann að upplýsa huga og hjarta okkar sjálfra og allra viðstaddra. Margt er að finna í bænum sem við getum lagt á minnið í þessu skyni. Hér eru fáein dæmi:

**Uppljóma hjörtu okkar. Gef okkur skýra sjón og næma heyrn.<sup>5</sup>**

**Ó Drottinn! Gef takmarkalausar gjafir Þínar og lát ljós leiðsagnar Þinnar skína.<sup>6</sup>**

**Ljúk upp hliðum sanns skilnings og lát ljós trúar skína geislandi.<sup>7</sup>**

**Ó Drottinn! Upplýs augu okkar til þess að við megum líta ljós Þitt.<sup>8</sup>**

**Til Þín eins leita ég og grátbæni Þig með hjarta, huga og tungu að vernda mig gegn öllu, sem er andstætt vilja Þínum í þessum heimi Þinnar guðdómlegu einingar ...<sup>9</sup>**

## **6. KAFLI**

Alejandra er glöð í hjarta eftir heimsóknina til Sanchez hjónanna og samtalið við þau um hinn eilífa sáttmála. „Í næstu heimsókn,“ hugsar hún, „gæfist gott tækifæri til að dýpka þekkingu þeirra á lífi Bahá'u'lláh.“ Hér er kynningin sem hún ætlar að byggja á:

Bahá'u'lláh fæddist 12. nóvember 1817 í Teheran, höfuðborg Persíu. Frá barnæsku sýndi hann framúrskarandi eiginleika og foreldrar hans voru sannfærðir um að honum væri ætluð mikil framtíð. Faðir Bahá'u'lláh, virtur ráðherra við hirð konungs, hafði mikla ást á syni sínum. Eina nóttina dreymdi hann draum. Honum þótti Bahá'u'lláh synda í miklu og takmarkalaus úthafi. Líkami hans skein í sjónum og ljósið, sem frá honum stafaði, lýsti upp allt hafið. Um höfuð hans, sem bar yfir hafflötinn, flóðu langir tinnusvartir lokkar hans í allar áttir og bylguðust á sjónum. Þegar faðirinn horfði á þessa miklu sýn, sá hann að mikill fjöldi fiska safnaðist um son hans og hver þeirra festi sig við eitt höfuðhár hans. Þeir virtust hugfangnir af ljómanum frá ásjónu hans og fylgdu honum eftir hvert sem hann fór. Þótt mergð fiskanna væri afar mikil og þeir hefðu bitið sig fasta í lokka hans, losnaði ekki eitt einasta hár af höfði hans og líkami hans var óskaddaður. Frjáls og óheftur synti hann að vild í skínandi úthafinu og allir fiskarnir eltu hann. Föður Bahá'u'lláh var sagt að hafið, sem hann sá í draumnum væri tilveran sjálf. Fjöldi fiskanna táknaði það umrót, sem hann myndi valda meðal þjóða og kynkvísla jarðarinnar en óbrigðul vernd hins Alvalda kæmi því til leiðar, að umrótið skaðaði hann ekki.

Þegar Bahá'u'lláh var þrettán eða fjórtán ára fór af honum orð við hirð konungs fyrir visku hans og þekkingu. Hann var tuttugu og tveggja ára þegar faðir hans dó og ríkisstjórnin bauð Bahá'u'lláh að taka við stöðu hans við hirðina. En hann hafði ekki í hyggju að eyða tíma sínum í stjórnmalavafstur. Hann sneri baki við hirðinni og ráðherrum hennar til að geta fylgt brautinni sem Guð hafði markað honum. Hann varði tíma sínum til að hjálpa hinum kúguðu, sjúku og fátæku og brátt varð hann þekktur sem fremsti talsmaður réttlætis.

Þegar Bahá'u'lláh var tuttugu og sjö ára gamall fékk hann í hendur nokkur af ritum Bábsins, sem boðuðu að nýr dagur væri runninn upp og að nýr opinberandi Guðs myndi færa heiminum friðinn, eininguna og réttlætið sem mannkynið hefði beðið eftir í aldir. Bahá'u'lláh játaðist strax boðskap Bábsins og varð einn kappsamasti fylgjandi hans. En því miður voru valdhafarnir í landinu sjálfsselskir og blindaðir af eigin hagsmunum. Þeir byrjuðu að ofsækja fylgismenn Bábsins af mikilli grimmd. Þótt Bahá'u'lláh væri þekktur fyrir göfuglyndi sitt var honum ekki hlíft. Rúmlega átta árum eftir yfirlýsingu Bábsins og tveimur árum eftir að Bábin sjálfur hafði liðið píslarvætti var hann settur í dimma dýflissu sem kallaðist Svarti pytturinn.

Keðjurnar um háls hans voru svo þungar að hann gat ekki lyft höfðinu. Hér eyddi Bahá'u'lláh fjórum hræðilegum mánuðum við miklar þjáningar. Samt var það í þessari sömu dýflissu sem andi Guðs fyllti sál hans og opinberaði honum að hann væri hinn fyrirheitni allra alda og sá sem Bábin hafði boðað. Úr þessu myrka fangelsi reis sól Bahá'u'lláh og lýsti upp alla sköpunina.

Eftir fjóra mánuði í Svarta pyttinum var Bahá'u'lláh sviptur öllum eigum sínum og sendur ásamt fjölskyldu sinni í útlegð. Í miklum vetrarkuldum fóru þau með vesturfjöllum Persíu í átt til Bagdað, sem þá tilheyrði Ottómanveldinu og er í dag höfuðborg Íraks. Orð geta ekki lýst þjáningum þeirra þar sem þau gengu hundruð kílómetra yfir frostköld firnindi á leiðinni til þeirra örlagaríku borgar.

Fræð Bahá'u'lláh breiddist fljótt út um borgina og önnur byggðarlög og sífellt fleiri komu að dyrum þessa útlæga fanga til að fá blessun hans. En nokkrir öfunduðu hann af frægðinni. Meðal þeirra var hálfbróðir Bahá'u'lláh, Mírzá Yahyá, sem hafði notið ástúðlegrar umönnunar hans frá barnsaldri. Ráðabrug Mírzá Yahyá olli óeiningu meðal fylgismanna Bábsins og olli Bahá'u'lláh mikilli sorg. Kvöld eitt yfirgaf Bahá'u'lláh heimili sitt án þess að segja neinum frá því og hélt til fjallanna í Kúrdistan. Þar lifði hann afskekktu lífi og stundaði bæn og hugleiðslu. Hann dvaldi í litlum helli við rýran kost. Enginn á því svæði þekkti hann né vissi hvaðan hann kom. En smám saman fóru íbúar svæðisins að tala um hinn „nafnlaus“ heilaga mann sem bjó yfir þekkingu sem honum var gefin af Guði. Þegar fréttir af þessum heilaga manni bárust 'Abdu'l-Bahá, elsta syni Bahá'u'lláh, vissi hann strax að þetta var ástríkur og elskaður faðir hans. Bréf voru send með sérstökum sendiboða sem hvatti Bahá'u'lláh til að snúa aftur til Bagdað. Þetta samþykkti hann að lokum og þannig lauk tímabili sársaukafulls aðskilnaðar sem hafði staðið í tvö ár.

Í fjarveru Bahá'u'lláh hafði ástandið í bábí samfélaginu versnað mjög. Á þeim sjö árum sem hann bjó í Bagdað eftir komu sína frá fjöllum Kúrdistan færði Bahá'u'lláh ofsóttum og ráðvilltum fylgjendum Bábsins nýja von og nýjan anda. Þótt hann hefði ekki enn kynnt sína eigin stöðu sem opinberanda Guðs, unnu kraftur og viska orða hans vaxandi fjölda bábía á hans band og vöktu aðdáun fólks af öllum stigum. En ofstækisfullum prestum múslima ofbuðu þau miklu áhrif sem Bahá'u'lláh hafði á svo mikinn fjölda sálra. Þeir kvörtuðu til yfirvalda þar til stjórnvöld í Persíu tóku höndum saman við nokkra embættismenn Ottómanveldisins og sendu Bahá'u'lláh enn lengra brott frá heimalandi sínu, að þessu sinni til borgarinnar Konstantínópel.

Apríl 1863 var sorgarmánuður í lífi íbúanna í Bagdað. Hann sem þeir höfðu lært að elska var að yfirgefa borgina og fara á áfangastað sem enginn þeirra þekkti. Rétt fyrir brottför sína fór Bahá'u'lláh í garð í útjaðri borgarinnar, reisti þar tjald sitt og tók í tólf daga á móti gestum sem komu til að kveðja hann. Fylgjendur Bábsins komu hryggir í bragði í garðinn, sumir áttu eftir að fylgja Bahá'u'lláh í næstu útlegð hans, en margir urðu að vera um kyrrt, sviptir návistum við hann. En Guð hafði ekki viljað að þessi tími yrði sorgarefni. Dyr takmarkalausra gjafa hans opnuðust á gátt og Bahá'u'lláh boðaði þeim að hann væri sá sem Bábin hafði sagt fyrir um - sá sem Guð myndi birta. Sorgin vék fyrir takmarkalausri gleði, hjörtun fögnuðu og sálir upptendruðust af ást hans. Þessu tólf daga tímabili í apríl er um allan heim fagnað sem Ríðvæn hátíðinni, afmælisdegi yfirlýsingar Bahá'u'lláh á heimsumlykjandi ætlunarverki sínu.

Konstantínópel var höfuðborg Ottómanveldisins. Á aðeins fjórum mánuðum löðuðu viska og persónutöfrar Bahá'u'lláh vaxandi fjölda fólks að málstað hans.

„Hann má ekki vera lengur í Konstantínópel,“ muldruðu ofstækisfullir prestar múslima, sem sannfærðu yfirvöld um að flytja hann aftur í útlegð, að þessu sinni til borgarinnar Adríanópel. Í Adríanópel dvaldi hann í fjögur og hálft ár og ritaði töflur til konunga og valdhafa heimsins þar sem hann hvatti þá til að hverfa frá kúgun og helga sig velferð þjóða sinna. Þá kom óvinum hans í hug að beita hann grimmilegustu refsingu sem þá var hægt að grípa til. Hann og fjölskylda hans voru aftur rekin í útlegð, nú til fangelsisborgarinnar ‘Akká í Palestínu, sem á þeim tíma var versta refsínýlendan í öllu tyrkneska heimsveldinu. „Vissulega mun hann tortímast við þær hörmulegu aðstæður sem ríkja í þeirri borg,“ hugsuðu írönsk og tyrknesk yfirvöld sem töldu í aumkunarverðum mótþróa og sjálfsblekkingu að þau gætu stöðvað áætlun sem Guð hafði sjálfur hrundið af stað.

Erfiðleikarnir sem Bahá’u’lláh þoldi í ‘Akká eru of miklir og margvíslegir til að hægt sé að greina frá þeim hér. Honum og fjölskyldu hans var neitað um öll þægindi og hann var umkringdur óvinum dag og nótt. En skilyrðin í fangelsinu breyttust smám saman. Íbúar ‘Akká og stjórnvöld þar sannfærðust um sakleysi þess litla hóps bahá’ía sem hafði verið sendur þangað í útlegð. Enn og aftur laðaðist fólkið að visku og ást þessarar framúrskarandi persónu, jafnvel þó að meirihlutinn skildi ekki þá stöðu sem Guð hafði veitt honum. Eftir um það bil níu ár voru dyr fangelsisborgarinnar opnaðar fyrir Bahá’u’lláh og fylgjendum hans. Elskaður sonur hans, ‘Abdu’l-Bahá, gat tryggt föður sínum virðulegan bústað utan borgarmúranna og að lokum tókst ‘Abdu’l-Bahá að leigja hús í sveitinni þar sem Bahá’u’lláh gat eytt þeim þrettán árum sem hann átti eftir ólifðuð. Við þekkjum þetta hús sem Bahjí setrið. Þar andaðist hann í maí 1892 þegar sól tignar hans og dýrðar var hæst á lofti.

Bahá’u’lláh hóf á loft fána allsherjarfriðar og vináttu og opinberaði orð Guðs. Þótt óvinir hans sameinuðust gegn honum, bar hann af þeim sigurorð eins og Guð hafði heitið þegar hann var í fjötrum í myrkri dýflissu í Teheran. Á meðan hann lifði endurlífgaði boðskapur hans hjörtu þúsunda manna. Og í dag halda kenningar hans áfram að breiðast út um allan heim. Ekkert getur komið í veg fyrir að hann nái endanlegu markmiði sínu, sem er sameining mannkyns í einum allsherjarmálstað, einni sameiginlegri trú.

A map of the Silk Road route, showing a path from the Mediterranean Sea (Miðjarðarhaf) to Persia (PERSÍA). The route is marked by a thick black line with circular nodes at key locations. The path starts at Adríanópel, goes through Gallípólí, Konstantínópel, Samsun, Kharput, Mósúl, Arbíl, Kírkuk, Bagdað, and Teheran. Other locations shown include Svartahaf, RÚSSLAND, TYRKLAND, KÝPUR, Akká, Haifa, JÓRDANÍA, ÍRAK, EGYPTALAND, Port Saíd, Rauðahaf, Persaflói, and Kaspíahaf. The map is in Icelandic and uses a grayscale color scheme.

- 
- This image shows a single sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

---

---

---

---

2. Í umræðum um líf Bahá'u'lláh koma fyrir mörg hugtök sem þarf að undirstrika fyrir utan sjálfa atburðarásina. Sérstaklega er mikilvæg hugleiðing um þjáningarnar sem hann mátti þola vegna ástar sinnar á mönnunum og þá miklu sigra sem trú hans vann þrátt fyrir harðvítuga andstöðu. Látum þessi orð meitlast í huga og hjarta:

**Hin aldna fegurð hefur samþykkt að vera lögð í hlekki til þess að mannkynið leysist úr fjötrum, og Hann hefur fallist á fangelsun sína í þessu mesta virki til þess að öll veröldin finni raunverulegt frelsi. Hann hefur drukkið bikar sorgarinnar í botn til þess að allar þjóðir jarðar geti fundið varanlegan fögnuð og fyllst gleði. Þetta er sakir náðar Guðs, Drottins yðar, hins vorkunnláta og almiskunnsama. Vér höfum samþykkt niðurlægingu, ó þér sem trúist á einingu Guðs, til þess að þér upphefjist og höfum liðið margvíslegar þjáningar til þess að þér getið blómstrað og dafnað. Sjá hvernig þeir sem eignað hafa Guði jafningja hafa þvingað Hann, sem kom til að endurreisa heiminn, til að dvelja í hinni ömurlegustu allra borga!<sup>10</sup>**

3. Þegar við tölum um þjáningar Bahá'u'lláh, ættum við að gæta þess að gera hann ekki að hjálparvana fórnarlambi óvina sinna. Hann samþykkti fúslega að vera settur í fjötra til að frelsa allt mannkynið úr fjötrum. Sagan af lífi hans er stráð þrengingum og erfiðleikum en hún er í meginatriðum saga völdugs sigurs. Getum við með aðstoð leiðbeinanda hópsins undirbúið stutt erindi um þjáningar og sigra Bahá'u'lláh sem byggist á núverandi þekkingu okkar á lífi hans? Spurningarnar hér að neðan eru gagnlegar í þessu sambandi.

- a. Hvers vegna samþykkti Bahá'u'lláh að vera lagður í hlekki? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- b. Hvers vegna féllst Bahá'u'lláh á fangelsun sína? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- c. Hvers vegna drakk Bahá'u'lláh bikar sorgarinnar? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- d. Hvers vegna samþykkti Bahá'u'lláh niðurlægingu? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- e. Hvers vegna leið hann svo margvíslegar þjáningar? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- f. Samþykkti Bahá'u'lláh þjáningar vegna þess að hann gat ekki annað? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
- g. Ef Bahá'u'lláh var ekki valdalaus gagnvart óvinum sínum, hvers vegna samþykkti hann þrengingar? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 7. KAFLI

Önnur heimsókn Alejöndru á Sanchez heimilið er jafn ánægjuleg og hin fyrsta. Sanchez hjónin þekkja nú þegar söguna af lífi Bahá'u'lláh en vilja gjarnan heyra meira frá Alejöndru og eru greinilega snortin af frásögnum af þjáningum hans. „Það virðist,“ segir eiginkonan „sem opinberendur Guðs þjáist alltaf af höndum þeirra sem þyrstir eftir forystu og veraldlegu valdi.“ Alejandra ákveður að nú sé við hæfi að deila með þeim tilvitnuninni sem hún hefur lagt á minnið – og sem við þekkjum frá síðasta kafla - þar sem Bahá'u'lláh talar um þjáningarnar sem hann þoldi í þágu mannkynsins til þess að það geti frelsast frá kúgun og öðlast varanlega hamingju. Umræður þessara þriggja vina hafa verið mjög uppörvandi.

Þegar Alejandra hugleiðir næstu heimsókn sína ákveður hún að fjalla um stöðu 'Abdu'l-Bahá. Þetta eru atriðin sem hún fjallar um:

Elsti sonur Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, er ein sérstæðasta persóna mannkynssögunnar og við finnum engan sem honum líkist í fyrri trúarbrögðum. Á barnsaldri bar hann kennsl á guðlega stöðu föður síns og þoldi með honum útlegð og þjáningar. Það var 'Abdu'l-Bahá sem Bahá'u'lláh fól umönnun og vernd bahá'í samfélagsins eftir fráfall sitt. Við getum aldrei fullþakkað þær einstæðu gjafir sem Bahá'u'lláh gaf mannkyninu – æðstu opinberun sína og son sinn, 'Abdu'l-Bahá. Bahá'u'lláh sagði að það væri fyrir þekkingu hans og visku sem heimurinn myndi njóta leiðsagnar og upplýsingar.

Þegar við kynnum okkur líf og orð 'Abdu'l-Bahá fáum við innsýn í þá einstæðu stöðu sem hann gegnir í þessu trúarkerfi. Mikilvægt er að hafa í huga þrjá meginþætti þessarar stöðu.

Í fyrsta lagi er 'Abdu'l-Bahá Miðja sáttmálans sem Bahá'u'lláh gerði við fylgjendur sína. Hann hvatti þá til að beina hjörtum sínum að þeirri Miðju og vera henni fullkomlega tryggir. Í erfðaskrá sinni útnefndi 'Abdu'l-Bahá Shoghi Effendi Verndara trúarinnar og hann varð þá sú miðja sem allir áttu að snúa sér til að 'Abdu'l-Bahá gengnum. Í dag er þessi miðja trúarinnar Allsherjarhús réttvísinnar, sem stofnað var í samræmi við skýr fyrirmæli Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Verndarans. Máttur sáttmálans heldur bahá'í samfélaginu saman og verndar það gegn sundrunu og upplausn.

Í öðru lagi er 'Abdu'l-Bahá óskeikull túlkandi orða Bahá'u'lláh. Opinberun Bahá'u'lláh er svo víðfeðm, og merkingin sem felst í orðum hans svo djúpstæð, að hann taldi nauðsynlegt að skilja eftir sig túlkanda sem hann sjálfur myndi innblása. Komandi kynslóðir geta öðlast skilning á kenningum Bahá'u'lláh með því að kynna sér túlkanir 'Abdu'l-Bahá í fjölmörgum töflum hans og í staðfestum afritum af fyrirlestrum hans. Verndarinn var túlkandi kenninga Bahá'u'lláh að 'Abdu'l-Bahá gengnum. Með honum lauk túlkunarhlutverkinu og enginn hefur umboð til að túlka orð Bahá'u'lláh meðan á trúarkerfi hans stendur.

Fyrir á tímum urðu öll trúarbrögð sundrunu að bráð vegna ólíkra túlkana á helgiritum þeirra. En ef óvissa ríkir um merkingu orða Bahá'u'lláh, snúa allir sér til túlkana 'Abdu'l-Bahá og Verndarans. Ef óvissa ríkir áfram er hægt að leita til Allsherjarhúss réttvísinnar um skýringar. Ekkert svigrúm er því til deilna um merkingu kenninganna og þannig er skjaldborg slegin um einingu trúarinnar.

Í þriðja lagi er 'Abdu'l-Bahá hin fullkomna fyrirmynd kenninga föður síns. Þótt við getum aldrei vonast til að ná slíkri fullkomnun, ættum við alltaf að hafa hann

fyrir augum okkar og leitast við að fylgja fordæmi hans. Þegar við lesum í ritunum um ástina getum við beint augum okkar að ‘Abdu’l-Bahá og þá sjáum við ást og gæsku holdi klæddar. Þegar við lesum um hreinleika, réttlæti, grandvarleika, gleði og gjafmildi getum við leitað til hans og hugsað um líf hans og við sjáum hvernig allir þessir eiginleikar birtust til fulls í honum.

Líf ‘Abdu’l-Bahá einkenndist auðvitað af þjónustu. Nafnið ‘Abdu’l-Bahá þýðir „þjónn Bahá“, og þetta var titillinn sem hann kaus ofar öllum öðrum sem honum voru gefnir. Eftirfarandi orð ‘Abdu’l-Bahá tjá löngun hans til að þjóna:

**Nafn mitt er ‘Abdu’l-Bahá. Hæfni mín er ‘Abdu’l-Bahá. Veruleiki minn er ‘Abdu’l-Bahá. Veggömun mín er ‘Abdu’l-Bahá. Þrælkun við Hina blessuðu fullkomnun er dýrlegt og geislandi djásn mitt og þjónusta við allt mannkynið eilíf trúarbrögð mín ... Ekkert nafn, engan titil, enga minningu, engin meðmæli hef ég né mun nokkru sinni hafa nema ‘Abdu’l-Bahá. Þetta er ósk mín. Þetta er heitasta þrá mín. Þetta er eilíft líf mitt. Þetta er ævarandi dýrð mín.**<sup>11</sup>

Í næstu heimsókn sinni ætlar Alejandra að deila með Sanchez hjónunum sýn á einstæða persónu ‘Abdu’l-Bahá. Virðing þeirra og þakklæti fyrir stöðu hans í þessu trúarkerfi munu halda áfram að aukast á komandi árum. Þegar við fetum þjónustubrautina í okkar eigin lífi gefst okkur oft tækifæri til að minnast fordæmis hans og íhuga orð hans. Í fyrri bókarhluta kynntumst við nokkrum þeirra og við vorum hvött til að tjá þá sýn sem hann setti fram í töflum sínum og opinberum ávörpum. Til að treysta núverandi skilning okkar á stöðu ‘Abdu’l-Bahá ættum við að hafa samráð við aðra í hópnum um helstu atriðin sem nefnd voru hér á undan og æfa okkur í að tjá þau af öryggi. Hugleiðing um textann sem vitnað er til hvetur okkur í þessari viðleitni okkar á braut þjónustunnar.

## 8. KAFLI

Spurning sem verið hefur Alejöndru ofarlega í huga síðan hún hóf að heimsækja Sanchez hjónin er hvaða umræðuefni geti best hjálpað þeim að öðlast staðfestu til að gegna lykilhlutverki í ferli samfélagsuppbyggingar í hverfinu. Annars vegar vonast hún til að ræða við þau um málefni eins og bæn, ódauðleika sálarinnar og staðfestu í ást Guðs, því stöðugt verður að styrkja undirstöðurnar í andlegu lífi þeirra. Á hinn bóginn er mikilvægt að þau fái sýn á það samfélag sem smám saman er að þróast og skilji að þau geta lagt fram dýrmætan skerf í þeim efnum. Í samtali sínu við hjónin um stöðu ‘Abdu’l-Bahá áttar Alejandra sig smám saman á því hvert viðfangsefnið í næstu heimsóknar hennar á að vera. „Þau hafa skýra sýn á þann tilgang trúarinnar að sameina fólk,“ hugsar hún. „Málið sem við ættum líklega að kanna núna er hvernig á að byggja upp og viðhalda sameinuðu samfélagi.“

Alejandra byrjar fjórðu heimsókn sína með því að lýsa þeirri starfsemi sem nú er stunduð af tiltölulega fámennum vinahópi í hverfinu. „Þegar okkur fjölgar,“ útskýrir hún, „verðum við að axla þá krefjandi ábyrgð að stuðla að meiri einingu í orðum okkar, hugsunum og gerðum. Ef þið eruð sammála, getum við í dag kannað málefni einingar saman.“

„Ég get séð hve mikilvæg einingin er fyrir þróunina í samfélagi okkar,“ svarar frú Sanchez.



„Og þegar öllu er á botninn hvolft var það einingarboðskapur Bahá'u'lláh sem laðaði okkur fyrst að kenningum hans,“ segir Sanchez.

„Ég hef valið fjölda hugmynda og hef fundið tilvitnun fyrir hverja og eina,“ segir Alejandra. „Ef ykkur er sama getum við farið í gegnum þessar hugmyndir eina af annarri og rætt þær.“

Hér er hugmyndalisti Alejöndru:

- Til þess að samfélag okkar sé sameinað í raun verðum við hvert og eitt að forðast deilur og átök. Bahá'u'lláh segir:

**Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og deilur, úlfúð, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs. Flýið allt slíkt með valdi Guðs og æðsta fulltingi Hans, og reynið að knýta saman hjörtu manna í nafni Hans sem sameinar, hins alvísa og alvitra.<sup>12</sup>**

- Við eigum að elska alla í samfélaginu og sú ást á að endurspegla ást okkar á Guði. ‘Abdu’l-Bahá segir:

**Verið fullkomlega sameinuð. Reiðist aldrei hvert öðru. ... Elskið skepnurnar vegna Guðs en ekki vegna þeirra sjálfra. Þið munuð aldrei verða reið og óþolinmóð ef þið elskið þær vegna Guðs. Mannkynið er ekki fullkomið. Það er ófullkomleiki í sérhverri mannveru og þið munuð alltaf verða vansæl ef þið horfið á fólkið sjálft. En ef þið horfið til Guðs munuð þið elska það og vera því góð, því að veröld Guðs er veröld fullkomnunar og algjörar miskunnsemi.<sup>13</sup>**

- Ef ágreiningur rís meðal okkar þrátt fyrir ást okkar hvert á öðru ættum við strax að minnast þessara orða ‘Abdu’l-Bahá:

**Ég legg ríkt á við ykkur öll að þið einbeitið öllum hugsunum hjartna ykkar að ást og einingu. Þegar hugsun um stríð kemur upp, andæfið henni þá með sterkari hugsun um frið. Hatursfullri hugsun verður að eyða með enn máttugri hugsun um kærleika. Hugsanir um stríð eyða allri samhljóman, velferð, friðsæld og ánægju.**

**Kærleikshugsanir byggja upp bræðralag, frið, vináttu og hamingju.<sup>14</sup>**

- Og ef okkur tekst ekki að hafa stjórn á tilfinningum okkar og lendum í deilum eigum við að minna okkur sjálf á þessi orð Bahá'u'lláh:

**Skyldi ágreiningur rísa meðal yðar, lítið Mig standa frammi fyrir yður og skeytið engu um ávirðingar hvers annars sakir nafns Míns og sem tákni um ást yðar á opinberuðum og skínandi málstað Mínum.<sup>15</sup>**

- Sá andlegi agi sem felst í því að horfa framhjá ágöllum annarra, einbeita sér að lofsverðum eiginleikum þeirra og halda sér algerlega frá baktali ber mestan árangur í baráttunni gegn óeiningu. Það er auðveldara að vinna bug á tilhneigingu til baktals þegar við elskum hvert annað. Við ættum að muna að við höfum tilhneigingu til að líta framhjá vanköntum þeirra sem við elskum og eigum ekki í neinum erfiðleikum með að horfa á þau með augum sem hylja ávirðingar. ‘Abdu’l-Bahá segir:

**Hið ófullkomna auga sér ófullkomleika. Það auga sem hylur ávirðingar horfir til skapara sálnanna. Hann skapaði þær, þjálfar þær og sér þeim farborða,**

**gæðir þær hæfileikum og lífi, sjón og heyrn. Þess vegna eru þær tákn um mikilfengleika Hans. Þið verðið að elska alla og vera þeim góð, annast fátæklinginn, vernda hinn veikburða, lækna hinn sjúka, kenna hinum fáfróða og veita honum menntun.<sup>16</sup>**

Bahá'u'lláh hvetur okkur þannig:

**Ó félagi hásætis Míns! Heyr ekki illt og sjá ekki illt. Niðurlægðu ekki sjálfan þig, grát hvorki né andvarpa. Mæl ekki illt til að þannig verði ekki mælt til þín og mikla ekki ávirðingar annarra til þess að þínar eigin ávirðingar sýnist ekki miklar. Óska engum lægingar til þess að þín eigin læging verði ekki afhjúpuð. Lifðu síðan ævidaga þína sem eru skemmri en hvikult andartak, með flekklausan huga, hjartað ósaurgað, hugsanir þínar hreinar og eðli þitt helgað, svo að þú megir skiljast við þessa dauðlegu umgjörð frjáls og glaður og hverfa til hinnar dulrænu paradísar og dveljast í ríkinu óförgengilega að eilífu.<sup>17</sup>**

Og hann segir ennfremur:

**Ó útflytjendur! Tunguna skóp Ég til að nefna Mig, saurgið hana ekki með illu tali. Ef eldur sjálfsins heltekur yður, minnst þá yðar eigin ávirðinga en ekki ávirðinga skepna Minna, því að sérhver yðar þekkir sitt eigið sjálf betur en hann þekkir sjálf annarra.<sup>18</sup>**

- Eining er meira en að deilur og sundurlyndi séu ekki til staðar og ást á ekki bara að tjá í orðum einum. Við getum aðeins fullyrt að sönn eining ríki meðal okkar ef ást okkar hvers til annars umbreytist í þjónustu við samfélagið og ef starfsemi okkar einkennist af anda samvinnu og gagnkvæmrar hjálpar. ‘Abdu’l-Bahá hvetur okkur með þessum orðum:

**Hvílist ekki eitt andartak og leitið ekki næðis eitt augnablik, starfið heldur af hjarta og sál til þess að þið megið veita þjónustu þótt ekki sé nema einum vinanna og færa gleði og hamingju einu geislandi hjarta. Þetta er sönn hylli sem upplýsir augu ‘Abdu’l-Bahá. Verið félagar mínir og samstarfsmenn í þessu.<sup>19</sup>**

Hann segir ennfremur:

**Æðsta þörf mannkynsins er samvinna og gagnkvæmni. Því sterkari sem bönd vináttu og samstöðu verða meðal manna, þeim mun meira verður afl uppbyggingar og afreka á öllum sviðum mannlegra athafna.<sup>20</sup>**

- Höfuðlykillinn að árangursríkum aðgerðum í samfélaginu er hreinskilið og kærleiksríkt samráð um öll málefni. Með samráði samtvinnast viðhorf hvers og eins til málanna og við uppgötvum í hvaða átt við eigum að stefna í sameiginlegum aðgerðum okkar. Með samráði náum við einingu í hugsun, og sameinuð í hugsun og skoðunum gerum við árangursríkar áætlanir um framgang samfélaga okkar. ‘Abdu’l-Bahá segir um þá sem taka ráð saman:

**Fyrsta skilyrðið er að þeir sem taka ráð saman hafi hreinar hvatir, séu geislandi í anda, lausir frá öllu nema Guði, laðist að guðlegum ilmi Hans, sýni auðmýkt og undirgefni meðal ástvina Hans, þolinmæði og langlundargeð í erfiðleikum og þjóni við upphafna fótskör Hans. Verði þeim náðarsamlega**

**hjálpað að öðlast þessa eiginleika veitist þeim sigur frá hinu ósýnilega ríki Bahá.<sup>21</sup>**

- Eining í hugsun verður ekki að veruleika nema hún breytist í einingu í aðgerðum. Að starfa í einingu þýðir ekki að allir geri það sama. Þvert á móti eru fjölbreyttir hæfileikar meðlima samfélagsins nýttir til hins ýtrasta í sameinaðri aðgerð. Afl okkar margfaldast, og jafnvel þótt við enn séum fámenn, getur okkur tekist það sem ekki er á færi stærstu og öflugustu samtaka heims. ‘Abdu’l-Bahá segir:

**Í hvert sinn sem helgar sálir sem sækja styrk í himneska krafta hefjast handa með slíkum eiginleikum andans og ganga samstíga í einum liðssafnaði mun sérhver sál verða sem eitt þúsund, og svellandi öldur á þessu mikla hafi verða sem sveitir herskaranna á hæðum.<sup>22</sup>**

Eftir að hafa lesið þetta vandlega og rætt innihaldið lið fyrir lið með þátttakendum í hópnum, ættum við hjálpa hvert öðru við að æfa kynningu á efninu eins og við höfum gert áður. Æfingarnar hér á eftir eru gagnlegar í þessari viðleitni.

1. Ljúkið við þessar setningar:
  - a. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en \_\_\_\_\_ og deilur, úlfúð, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
  - b. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og \_\_\_\_\_, úlfúð, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
  - c. \_\_\_\_\_ getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og deilur, úlfúð, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
  - d. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og deilur, úlfúð, firring og \_\_\_\_\_ meðal ástvina Guðs.
  - e. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og deilur, \_\_\_\_\_, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
  - f. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan málstað meira en sundurlyndi og deilur, úlfúð, \_\_\_\_\_ og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
  - g. Ekkert getur á þessum degi skaðað þennan \_\_\_\_\_ meira en sundurlyndi og deilur, úlfúð, firring og sinnuleysi meðal ástvina Guðs.
2. Í næstu tilvitnun segir ‘Abdu’l-Bahá:
  - a. Við verðum að vera fullkomlega \_\_\_\_\_.
  - b. Við megum aldrei \_\_\_\_\_ hvert \_\_\_\_\_.
  - c. Við verðum að elska alla vegna \_\_\_\_\_ en ekki vegna þeirra sjálfra.
  - d. Við munum aldrei verða \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ ef við elskum fólk vegna \_\_\_\_\_.

- e. Mannkynið er ekki \_\_\_\_\_ .
- f. Við munum alltaf verða \_\_\_\_\_ ef við horfum á \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .
- g. Ef við horfum til \_\_\_\_\_ munum við \_\_\_\_\_ fólk og  
vera því \_\_\_\_\_ .
3. Í þriðju tilvitnuninni segir ‘Abdu’l-Bahá:
- a. Við verðum að einbeita öllum hugsunum hjartna okkar að \_\_\_\_\_  
og \_\_\_\_\_ .
- b. Þegar hugsun um stríð kemur upp ættum við að andæfa henni með \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .
- c. Hattursfullri hugsun er hægt að eyða með \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ .
- d. Hugsanir um stríð eyða allri \_\_\_\_\_ , \_\_\_\_\_ ,  
\_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ .
- e. Kærleikshugsanir byggja upp \_\_\_\_\_ , \_\_\_\_\_ ,  
\_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ .
4. Hvað eigum við að gera þegar ágreiningur rís á milli okkar og annarra í  
samfélaginu? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
5. Lýsum þeim andlega aga sem hjálpar okkur að stuðla að einingu í samfélaginu:  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
6. Hvað af eftirfarandi stuðlar að einingu?
- \_\_\_\_\_ Að horfa á vankanta annarra
- \_\_\_\_\_ Að líta fram hjá vanköntum annarra
- \_\_\_\_\_ Að tala um vankanta einhvers annars við vin
- \_\_\_\_\_ Að ýkja eða breyta sögu til að annar komi illa út
- \_\_\_\_\_ Að hugsa um vankanta annarra

7. Hvers vegna gagnrýnum við suma þegar þeim verða á mistök en ekki aðra sem gera sömu mistök? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
8. Er eining möguleg við aðstæður þar sem menn baktala hverjir aðra? Hvers vegna ekki? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
9. Að segja ósatt um einhvern er augljóslega rangt. En er í lagi að gagnrýna í áheyrn annarra einhvern sem í raun hefur orðið eitthvað á? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
10. Hver er munurinn á slúðri, baktali og gagnrýni á annað fólk? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
11. Hvaða áhrif hafa slúður, baktal og stöðug gagnrýni á samfélag? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
12. Hvernig getum við losnað við þennan ósið? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
13. Hvað myndi gerast ef við töluðum aðeins um fjarstätt fólk eins og það væri viðstätt? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

14. Hvaða áhrif hefur baktal á börn sem verða vitni að því? \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_
15. Hvaðan kemur tilhneigingin til að slúðra og baktala? \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_
16. Bahá'u'lláh segir: „Ef eldur sjálfsins heltekur yður , \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_ en ekki \_\_\_\_\_ ,  
 því að sérhver yðar þekkir \_\_\_\_\_ betur en hann þekkir  
 \_\_\_\_\_ .“
17. Ást á ekki aðeins að tjá með orðum. Hvers annars er þörf? \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_
18. ‘Abdu’l-Bahá hvetur okkur með þessum orðum varðandi ást og einingu:  
 „\_\_\_\_\_ ekki eitt andartak og \_\_\_\_\_ ekki \_\_\_\_\_  
 eitt augnablik , \_\_\_\_\_ heldur af \_\_\_\_\_  
 til þess að þið megði veita \_\_\_\_\_ þótt ekki sé nema einum  
 vinanna og \_\_\_\_\_ einu geislandi hjarta.“
19. Hann segir einnig: „Æðsta þörf mannkynsins er \_\_\_\_\_ og  
 \_\_\_\_\_ . Því sterkari sem bönd \_\_\_\_\_ og  
 \_\_\_\_\_ verða meðal manna, þeim mun meira verður afl  
 \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ á öllum sviðum mannlegra  
 athafna.“
20. Hver er höfuðlykillinn að árangursríkum aðgerðum í samfélaginu? \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_
21. ‘Abdu’l-Bahá segir um þá sem taka ráð saman: „Fyrsta skilyrðið er að þeir sem  
 taka ráð saman hafi \_\_\_\_\_ , \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_ , \_\_\_\_\_ ,  
 \_\_\_\_\_ meðal ástvina Hans,  
 \_\_\_\_\_ í erfiðleikum og  
 \_\_\_\_\_ við upphafna fótiskör Hans. Verði þeim náðarsamlega hjálpað  
 að öðlast þessa eiginleika \_\_\_\_\_ frá hinu  
 ósýnilega ríki Bahá.“

22. Varðandi kraftinn sem myndast þegar unnið er saman í einingu segir ‘Abdu’l-Bahá:  
„Í hvert sinn sem helgar sálir sem sækja \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ hefjast handa með slíkum \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_ og ganga \_\_\_\_\_ í einum liðssafnaði  
mun \_\_\_\_\_ sál verða sem \_\_\_\_\_, og svellandi  
öldur á þessu mikla hafi verða sem \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_.“

## 9. KAFLI

Í fjórðu heimsókn sinni hjá Sanchez hjónunum verður Alejandra þeirrar ánægju aðnjótandi að kynnast Beatrice, barnabarni þeirra, sem ætlar að búa hjá þeim meðan hún gengur í menntaskóla í grenndinni. Beatrice er mjög forvitin um málefni einingar og tekur af áhuga þátt í umræðunni. Þegar samtalinu er að ljúka færir frú Sanchez þeim kaffi og kökur. Þetta gefur Alejöndru tækifæri til að kynnast Beatrice aðeins betur og þær ákveða að hittast næsta dag til að ræða samfélagsuppbyggingu í hverfinu. „Hún gæti haft áhuga á að kynna sér aðalröð námskeiðanna,“ hugsar Alejandra með sér. „Ég gæti hjálpað henni að fara rólega í gegnum fyrstu bækurnar. Hún myndi þá kannski vilja hefja barnakennslu eða aðstoða mig við unglingahóp sem er að myndast í hverfinu. Smám saman myndi hún síðan taka á sig meiri ábyrgð í hópnum þegar henni miðar áfram á námskeiðunum og tekur bók 5, sem býr hana undir að starfa sem hvetjari.“ Alejandra hefur setið nokkra fundi með unga fólkinu þar sem lögð er áhersla á ákveðin viðfangsefni. Þessir fundir hafa leitt til þátttöku margra í þjálfunarferlinu. Hún ákveður að fylgja sömu hugmyndaröð í samtalinu við Beatrice daginn eftir. Svona hefst samtalið:

Öll viljum við að heimurinn verði betri. Við hlökkum til framtíðar þegar allsherjafriður kemst á og fjölskylda mannsins lifir saman í sátt. Slík framtíð er ekki draumur. Hægt er að stefna að henni þegar sífellt fleiri leggja sig fram um að stuðla að bættum heimi. Innst inni langar okkur öll að þjóna samfélögum okkar. Það sem við þurfum er að þróa hæfni til að ráðast í markvissar og óeigingjarnar aðgerðir til almannaheilla.

Við getum hugsað um þjónustu okkar við mannkynið með því að gera okkur í hugarlund þjónustubraut sem við göngum saman. Þessi leið er öllum opin. Við veljum sjálf hvort við viljum ganga hana og á hvaða hraða. Við göngum ekki brautina ein. Við þjónum við hlið vina okkar, lærum saman og fylgjum hvert öðru. Hvert skref sem við stígum skapar gleði og fullvissu og allt sem við gerum færir okkur guðlegar staðfestingar.

Beatrice líkar vel það sem hún heyrir og líflegt samtal hefst eftir þessa stuttu kynningu. Áður en lengra er haldið skulum við staldra við og velta fyrir okkur eðli samskipta þessara nýju vina. Alejandra hefur ákveðið að hefja innihaldsríkt samtal við Beatrice og bjóða henni að taka þátt í þjálfunarferlinu. Af hverju hefði ekki verið nóg að segja Beatrice að röð námskeiða væru haldin í boði stofnunarinnar og henni væri velkomið að taka þátt í þeim?

---

---

---

---

---

---

---

## 10. KAFLI

Samtal Alejöndru og Beatrice heldur áfram í um tvær klukkustundir. Hér á eftir eru nokkrar hugmyndir til viðbótar sem Alejandra deilir með þessari nýju vinkonu sinni. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir að þetta er ekki samfelld kynning án truflana. Mikill tími fer í að ræða hugmyndirnar sem lýst er í þessum efnisgreinum:

Við erum ung, orkumikil og áhugasöm. Fólk gengur út frá því að við séum bara glöð og áhyggjulaus. En staðreyndin er allt önnur, við höfum áhyggjur af hlutskipti mannkynsins og viljum raunverulegar breytingar í samfélaginu. Og við verðum líka að hugsa um okkar eigið líf – menntun, vinnu, vini, fjölskyldu. Með hverju árinu öxlum við meiri ábyrgð og foreldrar okkar vænta mikils af okkur. Stundum þegar ég hugsa um allt sem ég þarf að gera þýrmir yfir mig. Þá man ég tilvitnun í bahá'í ritunum sem ég hef lagt á minnið: „Í lífi mannsins er vortími sem gæddur er undursamlegri dýrð. Tími æskunnar einkennist af styrk og þrótti og er besti tími ævinnar.“

Það sem mig langar að segja þér er að mörg ungmenni um allan heim í samfélögum eins og okkar eru að átta sig á því að hægt er að nota orkuna í tvennskönar tilgangi: að hlú að eigin vitsmunalega og andlega vexti og stuðla að umbreytingu samfélagsins. Þessir tveir þættir eru samtengdir. Þegar við þróum eigin hæfni erum við betur í stakk búin til að þjóna öðrum og með því að hjálpa hvert öðru vöxum við sem einstaklingar og styrkjum eiginleikana sem við búum yfir.

Hér vaknar hugmyndin um þjónustubrautina sem ég nefndi áður. Að ganga hana er ekki einhver þáttur sem bætist við líf okkar – hún gefur öllu sem við gerum merkingu. Þjónusta við samfélagið hjálpar okkur að skilja betur tilganginn með menntun okkar, skýrir hugmyndir okkar um framtíðina, þróar eiginleika sem við þurfum á að halda til að stuðla að velferð fjölskyldna okkar. Hún styrkir vináttuböndin og aftrar okkur frá að dreifa kröftunum í það sem skiptir minna máli.

Þegar við hugsum um andlegan og vitsmunalegan vöxt okkar verðum við að vera meðvituð um ýmis öfl sem hafa áhrif á okkur. Sum þeirra, eins og þekking, réttlæti og ást, þoka okkur í rétta átt og við verðum að læra að fylgja þeim eftir. Önnur, eins og efnishyggja og sjálfshyggja, gera hið gagnstæða og við ættum að vinna gegn þeim. Við verðum að leitast við að ná sem mestri fullkomnun í því sem við tökum okkur fyrir hendur og hafa trú á því að viðleitni okkar njóti guðlegrar blessunar og staðfestingar.

Og þegar við hugsum um framlag okkar til betra samfélags – breytingu á heimi ofbeldis, fátæktar og þjáninga í heim friðar, velferðar og sátta - verðum við að huga að efnislegum og andlegum framförum. Efnislegar framfarir til góðs fyrir alla munu ekki verða ef við tökum ekki líka andlegum framförum. Aðeins þegar þetta tvennt helst í hendur er hægt að bæta heiminn. Önnur tilvitnun sem ég hef lært er þannig: „Efnismenning er eins og lampinn, en andleg menning er ljósið í þeim lampi. Ef



efnisleg og andleg siðmenning fara saman höfum við bæði ljósið og lampann og útkoman er fullkomin.“

Þegar við göngum braut þjónustunnar lærum við að vinna með hópum einstaklinga, sérstaklega börnum og unglingum, og hjálpum þeim að öðlast þekkingu, færni og andlega eiginleika. Við lærum líka að huga að einingu samfélaga okkar. Einstaklingar, fjölskyldur og samtök sem vilja leggja sitt af mörkum til framfara samfélagsins verða að vinna saman. Þau verða að byggja upp sameiginlega sýn og tilgang og snúa baki við deilum og átökum.

Það er því mikilvægt að við sem ungmennti þróum með okkur venjur góðra og heilbrigðra samskipta við aðra. Við verðum að vera vinir, fylgja hvert öðru í starfi okkar, meta framlag hvert annars, hvetja og styðja hvert annað, viðurkenna styrkleika hvert annars, leita ráða og ráðleggja öðrum og gleðjast yfir árangri hvert hjá öðru. Þegar við fetum braut þjónustunnar verðum við að starfa, íhuga gerðir okkar, hafa samráð og læra saman.

Undanfarna áratugi hefur bahá'í samfélaginu tekist að koma á fót mjög sérstakri tegund námsstofnunar í nánast öllum löndum heims. Þessar þjálfunarstofnanir, eins og við nefnum þær, bjóða upp á námskeið sem styrkja getu okkar og hæfni til að þjóna samfélaginu. Með lærdómi og ígrundun á þessum námskeiðum fáum við andlega innsýn og hagnýta leikni sem þarf til þess að okkur miði sameiginlega áfram á þjónustubrautinni. Eftir því sem okkur miðar fram eykst hæfni okkar til að inna af höndum sífellt margbrotnari þjónustu. Við njótum alltaf samfylgdar reynslumeira fólks og með tímanum munum við auðvitað fylgja vinum sem hafa minni reynslu. Frá upphafi gegnum við öll lykilhlutverki í persónulegri og félagslegri umbreytingu og tökum af kappi ábyrgð á eigin námi og þjónustu við samfélagið.

„Að gegna lykilhlutverki“ þýðir að hafa vilja til að starfa af yfirvegum, þreyja í starfi okkar, öðlast þekkingu og beita henni í hverju skrefi. Þau sem gegna lykilhlutverki eru ekki óvirkir þiggjendur heldur virk og öflug í starfi sínu að framþróun. Til að gegna lykilhlutverki þurfum við hvert og eitt að læra að beita skapandi og öguðu frumkvæði. Námskeið stofnunarinnar hjálpa okkur að auka hæfnina til þess að taka að okkur lykilhlutverk í ferli samfélagsuppbyggingar.

Við ættum að gefa okkur tíma til að hugleiða hugmyndirnar í textanum að ofan. Eins og fram kom í upphafi kaflans ætlaði Alejandra ekki aðeins að kynna hugmyndirnar hverja á fætur annarri heldur sjá til þess að Beatrice gefist tóm og tækifæri til að hugsa um þær og leggja sitt af mörkum til umræðunnar. Það sem við gætum íhugað – eftir að hafa fengið tækifæri til að ræða þessi mál í hópnum og lært að koma hugmyndunum á framfæri – er hvort samtalið hafi þróast að því marki að Alejandra geti af öryggi sagt nokkur orð um sum námskeið Ruhi stofnunarinnar og boðið Beatrice að taka þátt í bók 1. Við gætum skrifað nokkur orð hér á eftir um hvað við myndum segja ef við værum í hennar sporum? Hvernig myndum við lýsa bókum 1 og 2 og þjónustunni sem þær kalla eftir? Stutt tilvísun í þjónustustarfsemi í síðari bókum – um barnakennslu og leiðsögn hvetjara í unglingahópum – myndi án efa hjálpa Beatrice að fá innsýn í hverskonar þjónustu hún gæti veitt í framtíðinni. Leiðbeinandi hópsins getur aðstoðað við að skrifa nokkrar setningar um þessar tvær leiðir til þjónustu sem væru á svipuðum nótum og Alejandra gerði þegar hún bjó sig undir að bjóða Beatrice á námskeið í bók 1.

[illegible]

## 11. KAFLI

Tvær vikur líða áður en Alejandra kemur í næstu heimsókn til Sanchez hjónanna. Á þeim tíma gat Beatrice tekið þátt í öflugri herferð og lokið tveimur fyrstu hlutum bókar 1. Hún fer nú í gegnum þriðja hlutann í hópi fimm vina sem hittist tvisvar í viku í hverfinu. Alejandra telur heppilegt að ræða við Sanchez fjölskylduna um bænir og spyr Beatrice hvort hún vilji aðstoða sig. Við höfum kynnt okkur annan hlutann í bók 1 og því er óþarfi að taka saman innihaldið sem Alejandra og Beatrice fjalla um í heimsókninni. Eftir að hafa farið yfir þann bókarhluta ættum við að geta sett fram meginatriðin sem við myndum reyna að fjalla um í umræðum um þetta efni. Hér á eftir getum við skrifað niður hugmyndir okkar.

[illegible]

[illegible]

## 12. KAFLI

Heimsóknir Alejöndru til Sanchez fjölskyldunnar halda áfram í nokkrar vikur og þau fá tækifæri til að ræða nokkur mál sem koma upp í framhaldi af umræðum þeirra um þýðingu bæna – þar á meðal líf sálarinnar, þróun andlegra eiginleika, hlýðni við lög og fyrirmæli Guðs og staðfestu í ást hans. Eitt sinn ræða þau einnig um stofnanir stjórnskipulagsins, sérstaklega um andleg svæðis- og þjóðarráð. Við þurfum ekki að staldra við þessi málefni en tvær spurningar vakna þó oft hjá þeim sem taka þátt í samræðum á borð við þessar. Hin fyrri varðar samkomur samfélagsins og hin síðari fjármál. Við fjöllum um samkomur í þessum kafla, sérstaklega nítjándagahátíðina, og tölum um fjármál í þeim næsta.

Eftirfarandi atriði gætu verið grundvöllur samræðna um nítjándagahátíðina:

- Í bahá'í samfélaginu eru haldnar samkomur og fundir í ýmsum tilgangi – til að biðja, læra, fagna sérstökum tilefnum, hafa samráð um samfélagsmál og þjónustu við samfélagið og til að ræða aðgerðaáætlanir. Bahá'u'lláh gefur eftirfarandi fyrirheit:

**Við líf Mitt og málstað Minn! Í kringum sérhverja vistarveru sem vinir Guðs kunna að ganga inn í og þaðan sem kall þeirra berst er þeir lofa og vegsama Drottin munu sálir sannra átrúenda og allir eftirlætis englarnir hringsóla.<sup>23</sup>**

- Að hlusta á orð Guðs á samfundum vinanna gleður hjörtun og styrkir einingarböndin. Bahá'ulláh hvetur okkur þannig:

**Það sæmir vinunum hvar sem þeir kunna að vera staddir að koma saman á samfundum og mæla þar af visku og orðsnilld og lesa heilög orð Guðs, því það eru orð Guðs sem kveikja eld ástar og gera hann að báli.<sup>24</sup>**

‘Abdu’l-Bahá ritar:

**Haldið samfundi og lesið og syngið hinar himnesku kenningar til þess að þetta land megi upplýsast af ljósi sannleikans og verða sem dásamleg paradís því þessi tími er öld hins aldýrlega Drottins og söngur einingar í heimi mannkyns nær eyrum manna í austri og vestri.<sup>25</sup>**

- Af öllum bahá’í samfundum á nítjándagahátíðin skilið sérstaka umræðu. Í bahá’í árinu eru nítján mánuðir með nítján dögum hver. Bahá’íar koma saman einu sinni í mánuði á þessa hátíð eins og Bahá’u’lláh sjálfur boðar:

**Yður er vissulega skylt að bjóða til hátíðar einu sinni í hverjum mánuði, þótt það sé með vatni einu saman, því Guð hefur áformað að tengja saman hjörtun þótt til þess verði að beita bæði jarðneskum og himneskum ráðum.<sup>26</sup>**

- Nítjándagahátíðin skiptist í þrjá hluta. Fyrstur er helgihlutinn þar sem farið er með bænir og lesið úr helgiritunum. Næst kemur stjórnsýsluhlutinn, þar sem samráð um málefni samfélagsins fer fram. Þriðji hlutinn er félagsleg samvist.
- Eftirfarandi orð ‘Abdu’l-Bahá gefa okkur innsýn í mikilvægi helgihlutans á nítjándagahátíðinni:

**Ó þér trúfastir þjónar Hinnar öldnu fegurðar! Í sérhverju trúarkerfi hafa gleðiríkar hátíðir verið haldnar og notið mikillar hylli. Að þjóna ástvinum Guðs til borðs hefur verið talin lofsverð gerð. Þetta á sérstaklega við í dag, í þessu óviðjafnanlega trúarkerfi, á þessum gjöfula tíma, þegar slíkt nýtur sérstakrar hylli, því sannlega er litið á þær sem samfundi sem eru haldnir til að tilbiðja Guð og vegsama Hann. Hér eru hin heilögu orð lesin, himneskir óðir fluttir og lofsöngvar sungnir og hjartað er snortið og frá sér numið.<sup>27</sup>**

- Á stjórnarfarshluta hátíðarinnar heyra vinirnir skýrslur um starfsemi bahá’í samfélaga nær og fjær, hafa samráð um málefni trúarinnar í eigin samfélagi og um framlag þeirra til velferðar samfélagsins, kynna sér leiðsögn sem berst frá Allsherjarhúsi réttvísinnar, íhuga framvindu áætlana sinna og leggja fram tillögur til stofnana trúarinnar. Samráð á nítjándagahátíðinni er afar mikilvægt, því þar getur sérhver bahá’í tekið þátt í málefnum bahá’í samfélagsins um allan heim.
- Félagslegur hluti hátíðarinnar er tími vináttu og gestrisni. Hægt er að spila tónlist, halda upplífandi erindi og börnin fara með kynningar. Í stuttu máli er hægt að auðga þennan hluta hátíðarinnar með menningaratriðum og uppákomum, sem í senn bera blæ virðingar og gleði.
- Nítjándagahátíðin er mikilvægur þáttur í stjórnskipulagi trúarinnar. Hún sameinar tilbeiðslu-, stjórnsýslu- og félagsþætti samfélagsins. Leggja ætti jafn mikla áherslu á alla þessa þætti, því að árangur af hátíðinni veltur á eðlilegu jafnvægi þessara þriggja þátta. Í skilaboðum sem skrifuð voru í ágúst 1989 segir Allsherjarhús réttvísinnar:

**Heimsskipulag Bahá’u’lláh umlykur allar hliðar mannlegs samfélags, felur í sér andleg, stjórnfarsleg og félagsleg svið mannlífsins og beinir allri mannlegri**

viðleitni í sinni fjölbreyttu mynd að því að byggja upp nýja menningu. Nítjándagahátíðin tekur á öllum þessum atriðum við sjálfan grunn samfélagsins. Hún er virk í þorpi, bæ og borg, og er fyrirkomulag sem allt fólk Bahá lýtur. Henni er ætlað að stuðla að einingu, tryggja framfarir og auka gleði.<sup>28</sup>

- Jafn mikilvæga athöfn og nítjándagahátíðina er ekki hægt að setja saman í flýti. Með bæn og íhugun verður hver einstaklingur að undirbúa sig andlega fyrir hátíðina og á meðan á henni stendur eiga allir að taka heilshugar þátt, hvort sem þeir lesa eða hlusta í helgihlutanum, hvort sem þeir gefa skýrslur, fá leiðsögn eða koma með tillögur, hvort sem þeir eru gestgjafar eða njóta einfaldlega gestrisni í gleði og geislan. Í sama bréfi um nítjándagahátíðina segir Allsherjarhús réttvísinnar:

**Mikilvægt atriði í undirbúningi hátíðar er val á viðeigandi helgigreinum og að fyrirfram séu fundnir góðir lesarar til þess að hin helgu orð séu lesin af háttprýði svo að viðeigandi hátíðleiki ríki hjá lesara og hlustendum í helgihlutanum. Það skiptir miklu í þessu sambandi að umhverfinu þar sem hátíðin skal haldin, hvort sem það verður úti eða inni, sé sinnt. Hreinlæti og gott skipulag húsrýmis bæði með tilliti til notagildis og fegurðar, hafa mikið að segja. Stundvísi er einnig mælikvarði á góðan undirbúning.**

Gæði hátíðarinnar velta að miklu leyti á góðum undirbúningi og þátttöku einstaklingsins. Meistarinn ástkæri veitti eftirfarandi ráð: „Gefið nítjándagasamfundunum mikið vægi, svo að ástvinir Drottins og þjónustumeysjar Hins miskunnsama megi við þessi tækifæri beina ásjónum sínum til konungsríkisins, syngja heilög orð, biðja um Guðs hjálp, gleðjast og verða hugfangnir hver af öðrum, vaxa að hreinleika, heilagleika og guðsóttu og styrkjast í viðnámi gegn ástríðum og sjálfshyggju. Þannig munu þeir aðgreina sig þessum jarðneska heimi og fyllast andlegum ákafa.“<sup>29</sup>

Eins og áður ættum við að lesa þessar hugmyndir nokkrum sinnum og ræða þær í hópnum til þess að læra að orða þær af öryggi. Eftirfarandi æfingar veita frekari innsýn í merkingu nítjándagahátíðarinnar:

1. Hvað fullvissar Bahá'u'lláh okkur um að muni einkenna sérhverja vistarveru þar sem við söfnumst saman til að lofa og vegsama Drottin? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
2. Í annarri tilvitnuninni hér að ofan segir Bahá'u'lláh okkur að þegar við komum saman á samfundum eigum við að \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ og lesa \_\_\_\_\_; því það eru orð Guðs sem \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_.
3. Í þriðju tilvitnun að ofan ráðleggur 'Abdu'l-Bahá okkur að halda samfundi og lesa og syngja hinar himnesku kenningar til þess að  
– landið þar sem við búum megi \_\_\_\_\_.  
– landið þar sem við búum verði \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_.

4. Hversu margir mánuðir eru í bahá'í árinu? \_\_\_\_\_
5. Hversu margir dagar eru í hverjum mánuði? \_\_\_\_\_
6. Hvaða sérstakar samkomur eiga sér stað meðal bahá'ía einu sinni í mánuði? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
7. Hverjir eru hinir þrír hlutar nítjándagahátíðarinnar? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
8. Er einhver sérstök röð á þessum hlutum? \_\_\_\_\_
9. Hver er tilgangurinn með helgihluta hátíðarinnar? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
10. Hver er tilgangur stjórnsýsluhlutans? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
11. Hver er tilgangur félagslega hlutans á hátíðinni? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_
12. Hvaða eftirfarandi mál væri við hæfi að ræða á stjórnarfarshluta hátíðarinnar?  
\_\_\_\_\_ Fjárförf samfélagsverkefna  
\_\_\_\_\_ Stöðu landsliðsins í fótbolta  
\_\_\_\_\_ Hvernig leysa megi ágreining milli tveggja meðlima samfélagsins  
\_\_\_\_\_ Framvindu bahá'í barnakennslu í samfélaginu  
\_\_\_\_\_ Þýðingu ákveðins kafla úr ritunum sem einn meðlima samfélagsins var að lesa fyrir í vikunni  
\_\_\_\_\_ Stöðu unglingastarfsins í samfélaginu  
\_\_\_\_\_ Atvinnutækifæri sem opnast ungu fólki

- \_\_\_\_\_ Stuðning sem samfélagið getur veitt unglingahópum þar sem þjónustuverkefni eru orðin margbrotin
  - \_\_\_\_\_ Heimsóknir til foreldra barna og unglunga sem taka þátt í menntastarfi þjálfunarstofnunar
  - \_\_\_\_\_ Styrkingu helgihalds í samfélaginu
  - \_\_\_\_\_ Dagskrá sjónvarpsþátta
  - \_\_\_\_\_ Innsýn sem hefur fengist um að efla glaðvært og agað andrúmsloft í námshringjum
  - \_\_\_\_\_ Næstu helgidagahátíð
  - \_\_\_\_\_ Frumkvæði að samfélagsaðgerðum sem sprettur úr ferli samfélagsuppbyggingar
13. Ræðum eftirfarandi spurningu í hópnum: Hvers vegna er jafnvægi milli þriggja hluta hátíðarinnar svo mikilvægt?
14. Ræðum nú spurningarnar hér á eftir.
- a. Hvernig myndum við undirbúa hátíðina ef við værum gestgjafar?
  - b. Hvernig myndum við undirbúa okkur ef við værum aðeins þátttakendur í henni?

### 13. KAFLI

Önnur spurning sem oft vaknar í samtölum um trúna er hvernig bahá'í samfélagið stendur undir kostnaði við rekstur sinn. Hér eru nokkur atriði sem koma að gagni þegar slíkum fyrirspurnum er svarað.

- Bahá'í sjóðurinn stendur undir efnislegum þörfum trúarinnar. Honum er stjórnað af stofnunum trúarinnar á hinum ólíku stigum, þ.e. fyrir svæði, lönd heimsálfur og svo alþjóðlega. Bahá'íar telja að þeir eigi sjálfir að standa undir öllum kostnaði málefna sinna og þess vegna er aðeins tekið við framlögum frá skráðum meðlimum bahá'í trúarinnar.
- Að leggja af mörkum til sjóðsins er gert af fúsum og frjálsum vilja. Öll framlög eru bundin trúnaði í þeim skilningi að þau eru mál milli einstaklingsins og stofnana trúarinnar - hvorki er skýrt frá nöfnum þeirra sem gefa né þeim fjárhæðum sem gefnar eru. Meðlimir samfélagsins eru ekki beittir neinum þrýstingi í þessum efnum. Stofnanirnar geta höfðað almennt til samfélagsins, minnt á mikilvægi sjóðsins og bent á þarfir hans. Ósjaldan setur samfélag sér markmið um framlög í sjóðinn. En upphæðir eru aldrei tilgreindar fyrir einstaklinga og aldrei er farið fram á framlög. Það er í höndum hvers og eins að ákveða hve mikið hann eða hún leggur af mörkum samkvæmt skilningi hans eða hennar á þeim andlegu meginreglum sem um sjóðinn gilda.
- Siðmenningin sem við erum að reyna að byggja upp verður farsæl og heillarík, bæði efnislega og andlega. Auður er aðeins ásættanlegur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hans ætti að afla með heiðarlegri vinnu og honum ætti að verja í þágu

mannkynsins. Og allt samfélagið ætti að njóta velferðar, það er ekki ásættanlegt að fáeinir séu vellauðugir þegar aðra skortir brýnustu lífsnauðsynjar. Bahá'u'lláh segir okkur:

**Bestir manna eru þeir sem vinna fyrir sér með köllun sinni og verja ávöxtum erfiðis síns á sjálfa sig og ættingja sína sakir ástar á Guði, Drottni allra veraldanna.<sup>30</sup>**

**... þér verðið að bera góða og undursamlega ávöxtu, svo að þér sjálfir og aðrir megi hagnast af því. Þess vegna er yður gert að skyldu að iðka iðnir og atvinnugreinar, því að í þeim er fólgin leyndardómur auðsins, ó þér sem hafið skilning!<sup>31</sup>**

Og 'Abdu'l-Bahá útskýrir:

**Auður er mjög lofsverður, að því tilskildu að allir séu auðugir. En ef fáir eru óhóflega ríkir meðan allir aðrir búa við fátækt ber slíkt ríkidæmi engan ávöxt og ekkert gott hlýst af þeim auði og hann er aðeins dragbítur á eiganda sinn.<sup>32</sup>**

- Til að byggja upp samfélag sem er laust við óréttlæti og eymd verðum við öll að vera örlát og gjafmild. Jafnvel þótt fjárráð okkar séu takmörkuð ættum við samt að leggja eitthvað af mörkum til framfara mannkynsins, því að sönn velmegun fæst aðeins með gjöfum. Örlæti er eiginleiki mannssálarinnar og hefur ekkert með okkar efnislegu aðstæður að gera. Í Huldum orðum segir Bahá'u'lláh:

**Gjafmildi og örlæti eru eigindir Mínar. Heill þeim sem skryðir sig dyggðum Mínun.<sup>33</sup>**

- Við ættum að muna að Guð, hinn algjöfuli, er sönn uppspretta alls sem við eigum. Hann veitir okkur tækifæri til að afla lífsviðurværis; hann gerir okkur mögulegt að taka framförum. Og þegar við leggjum fram í sjóðinn erum við að verja hluta af því sem hann hefur gefið okkur til málstaðar hans. Fyrir bahá'ía er það ekki aðeins spurning um örlæti að gefa í sjóðinn, það er líka andleg hylli sem okkur veitist og ábyrgð sem hvílir á einstaklingnum. Verndarinn gefur þessi ráð:

**Við verðum að vera eins og brunnur eða uppsprettulind sem tæmir sig stöðugt af öllu sem hún á og fyllist jafnharðan aftur úr ósýnilegri uppsprettu. Að gefa ávallt til gagns fyrir náungann án ótta við fátækt og treysta á óskeikula hylli Hans sem er uppspretta allra auðæfa og gæða – þetta er leyndardómur réttra lífshátta.<sup>34</sup>**

Við fáum tækifæri til að íhuga nokkrar hugmyndir hér á síðari námskeiðum sem fjalla um málefni sem tengjast efnislegum hliðum lífsins. Við getum eins og áður rætt málin sem voru viðruð hér á undan og gert æfingar sem þjálfar okkur í að tjá hugmyndirnar eðlilega og af öryggi:

1. Ljúkum við þessar setningar með hliðsjón af tilvitnunum í þessum kafla.
  - a. Bahá'u'lláh segir að við eigum að \_\_\_\_\_ með köllun okkar og verja ávöxtum erfiðis okkar á \_\_\_\_\_.



2. Skrifum niður röð hugmyndanna sem fylgt er hér að ofan:

This image shows a single sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

---

---

---

## 14. KAFLI

Til þess að fá innsýn í hvernig samtöl geta þróast í byggðarlagi eða hverfi sem iðar af virku mannlífi höfum við fylgst með starfi Alejöndru, ungs háskólanema. Í heimsóknum sem spanna nokkrar vikur hefur hún rætt við Sanchez hjónin um mál sem hún vonar að komi að gagni við að dýpka þekkingu þeirra á trúnni og styrkja skuldbindingu þeirra gagnvart kenningunum sem þau hafa viðurkennt til fulls. Að lokum gerði heimkoma Beatrice, barnabarns Sanchez hjónanna, okkur kleift að fylgjast með samtölum tveggja ungmenna sem bæði eru fús til að læra hvernig þau geta þjónað samfélögum sínum. Með því að lesa frásögnina og gera æfingarnar höfum við séð að auk þekkingar á viðkomandi viðfangsefnum er krafist ákveðinna andlegra eiginleika, viðhorfa og færni þegar halda á uppi samtölum eins og þeim sem við höfum skoðað hér.

Í þessum og næsta kafla könnum við önnur málefni, þ.e.a.s. þau sem almennt eru tekin til umræðu í heimsóknum til fjölskyldna ungmenna sem taka þátt í menntaferli þjálfunarstofnunar. Eins og þegar hefur komið fram eru barnakennsla og kennsla unglinga undir leiðsögn hvetjara, þjónustuverkefni sem tekin er fyrir á síðari námskeiðum, þ.e. í bókum 3 og 5.

Lítum fyrst á innihaldið sem oft er grunnurinn að áframhaldandi samræðum við fjölskyldur unglinga. Við ímyndum okkur að nokkur tími sé liðinn frá fyrri frásögn og Beatrice sé nú við nám í bók 2. Alejandra spyr vinkonu sína hvort hún vilji koma með sér þegar hún heimsækir fjölskyldur nokkurra unglinga sem ætla að stofna hóp með aðstoð hennar. Hún þiggur það fúslega.

Alejandra útskýrir fyrir Beatrice hvað hún ætlar sér að gera. „Við hefjum hverja heimsókn,“ segir hún, „með því að kynna fyrir foreldrum námsleiðina sem sonur þeirra eða dóttir hefur sýnt áhuga á að vera með í og nefnum í því sambandi að hún er hluti af uppbyggingu samfélagsins í hverfinu. Við munum síðan kanna með þeim nokkur hugtök og hugmyndir sem eru aðalatriði í þessari námsleið. Þetta verður fyrsta heimsóknin og von okkar er sú að þegar samtalið þroskast með tímanum muni fjölskyldan ekki aðeins styðja hópinn á ýmsan hátt heldur verða hvatamenn að andlegri eflingu unglinganna í samfélaginu.“

Alejandra og Beatrice halda áfram að ræða nokkur atriði sem þær ætla að koma á framfæri við hverja fjölskyldu. Þær ákveða að skrifa niður allar hugmyndir sem þær telja mikilvægar, en vita vel að þeim muni aðeins takast að fjalla um nokkrar þeirra í fyrstu heimsókninni og aðrar í síðari samtölum. Hér eru atriðin sem þær skrifa niður um getu og hæfni unglinga:

- Líf einstaklings á aldrinum 12 til 15 ára er mikilvægt tímabil - áfangi breytinga frá barnæsku til aukins þroska.
- Við köllum oft ungt fólk á þessu aldursskeiði „unglinga“. Þeir eru ekki lengur börn en hafa ekki enn náð þroska eldri ungmenna.

- Því miður gera menn sér oft ranga mynd af unglingum sem hvatvísuðum, uppreisnargjörnum, uppteknum af sjálfum sér og iðulega í tilvistarkreppu. Við sjáum þá þó í öðru ljósi. Það er rétt að á þessu stutta æviskeiði upplifum við öll örar breytingar, líkamlegar, tilfinningalegar og andlegar. Og það er líka rétt að þetta getur valdið einhverjum uppreisnarhug. En í raun og veru er þetta aldur mikilla möguleika og fyrirheita.
- Einu sinni vorum við sjálf unglingar og munum þetta breytingaskeið. Stundum vorum við hugrökk og stundum uppburðarlítill. Stundum vorum við nokkuð félagslynd og stundum afar feimin. Við vildum oft vera látin í friði um leið og við vonuðumst eftir athygli. Við vildum skilja hvar hæfileikar okkar lágu og hvaða hæfileika við höfðum til að bera. Það skipti okkur miklu máli hvernig annað fólk sá okkur og hvað því fannst um hugmyndir okkar.
- Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þessi hegðun er aðeins tímabundin. Það er á þessum árum sem ákveðnir kraftar hugans þróast hratt. Við byrjum að leita svara við grundvallarspurningum tilverunnar. Við greinum hvað gerist í kringum okkur og setjum spurningarmerki við margt af því sem okkur hefur verið kennt. Og við erum ekki eins tilbúin og áður að fylgja sjálfkrafa kröfum hinna fullorðnu, sérstaklega þegar við verðum vör við mótsagnir milli orða þeirra og gerða.
- Ef aðstoða á ungt fólk við að beita þeim kröftum sem þroskast með því er nauðsynlegt að forðast að koma fram við það eins og börn. Þannig lýsir ‘Abdu’l-Bahá þessu tímabili:

**Eftir nokkurn tíma tekur við hjá honum tími unglingsáranna þar sem fyrri aðstæður og þarfir víkja fyrir nýrri kröfum sem hæfa nýju þroskastigi. Athyglisgáfa hans skerpist og dýpkar, vitsmunir hans vakna og fá þjálfun, takmarkanir og umhverfi bernskunnar hamla ekki lengur orku hans og árangri.<sup>35</sup>**

- Allsherjarhús réttvísinnar, æðsta stjórnstofnun bahá’í trúarinnar, segir eftirfarandi um nálgunina að unglingastarfinu:

**Meðan nútímastraumar og stefnur bregða upp mynd af þessum aldurshópi sem vandamáli, týndum í ólgusjó líkamlegra og tilfinningalegra umbreytinga, óvirkum og sjálfhverfum, þá gengur bahá’í samfélagið – í nálgun sinni og málfari – í þveröfuga átt. Í staðinn sér það fórnfýsi í unglingunum, næma réttlætiskennd, mikla löngun til að fræðast um alheiminn og þrá til að stuðla að betri heimi.<sup>36</sup>**

Alejandra og Beatrice beina nú athygli sinni að námsleið um andlega eflingu og reyna að greina nokkra þætti hennar:

- Þeir sem eru á aldrinum 12 til 15 ára þrá að tilheyra vinahópi þar sem þeir geta tjáð hugsanir sínar, unnið að verkefnum, stundað íþróttir o.s.frv. Af þessum sökum er námsleiðin byggð upp í kringum hugtakið „unglingahópur“. Hver hópur hefur hvetjara sem leiðbeinanda, oft ungmenni sem er sannur vinur félaga sinna og aðstoðar þá við að þroska getu sína.
- Hóparnir hittast reglulega. Á fundum sínum læra unglingar að kanna hugtök og tjá hugmyndir án ótta við gagnrýni eða hæðni. Þeir eru hvattir til að hlusta, tala, velta fyrir sér, greina, taka ákvarðanir og framkvæma þær.

- Við lifum á tímum þegar margskonar neikvæð öfl hafa áhrif á það hvernig unglingar hugsa og haga sér. Hvetjarar hjálpa þeim að berjast gegn þessum öflum – ekki aðeins til að vernda þá gegn siðferðilegri hnignun samfélagsins heldur til að vinna að bættum heimi.
- Með námsleiðinni er leitast við að hlúa að þeim kröftum sem búa í mannssálinni, kröftum sem snemma á unglingsárunum byrja að gera vart við sig í æ meira mæli. Sérstaklega er máttur hugsunar og tjáningar mikilvægur. Ungt fólk verður að þróa tungumálið sem þarf bæði til að koma á framfæri djúpstæðum hugmyndum um heiminn og tjá sig um hvernig það vill sjá hann breytast.
- Unglingar eru fúsir til að hugleiða merkingu hugtaka sem eru grundvallaratriði í markvissu lífi. Hamingja, von og að gera sitt besta eru nokkur dæmi. Því miður hafa menn tilhneigingu til að tala um þessar hugmyndir á yfirborðskenndan hátt. Að öðlast djúpan skilning á slíkum hugtökum, viðurkenna hvernig þau birtast í daglegu lífi, getur hjálpað ungum hugum að byggja upp heilbriggt og siðlegt líf og standast neikvæð öfl samfélagsins.
- Að skilja hugtök er nauðsynlegt vitsmunalegum þroska. Unglingar geta stundum átt í erfiðleikum í skólanum vegna væntinga um að þeir innbyrði mikið magn upplýsinga um mismunandi efni án þess að fá næga hjálp til að átta sig á undirliggjandi hugtökum. Námsleiðin virkjar þá til að ígrunda hugmyndir – siðferðilegar, stærðfræðilegar, vísindalegar og svo framvegis – og þetta bætir ávallt frammistöðu þeirra í skólanum.
- Unglingar hafa ríka löngun til að átta sig á hlutunum. Þeir vilja skilja ástæðurnar fyrir því sem er að gerast í kringum þá. Til að ná árangri verða þeir ekki aðeins að geta séð með líkamlegum augum sínum heldur einnig með hinum andlegu. Mikilvægt markmið námsleiðarinnar er því að auka andlega skynjun, þ.e. hæfni til að bera skyn á andlega krafta og greina andlegar meginreglur við allar aðstæður.
- Margvíslegum markmiðum námsleiðarinnar – þróun siðferðis, andlegrar skynjunar og tjáningarkrafts er náð fram með röð vinnubóka. Bækurnar samanstanda af einföldum frásögum um líf ungs fólks á ýmsum stöðum í heiminum. Fyrir utan að vinna með þessar bækur í sameiningu, ræða efni þeirra og ljúka nauðsynlegum æfingum, taka unglingar þátt í íþróttum og læra um listir og handiðir af ýmsu tagi.
- Með aðstoð hvetjara hanna og vinna hóparnir einnig röð þjónustuverkefna sem er fyrirferðarmikill þáttur í námsleiðinni. Með þessum verkefnum læra unglingar að hugsa um samfélagið og þarfir þess, hafa samráð og vinna saman bæði í hópnum og með öðrum í samfélaginu.
- Viðfangsefnin sem fjallað er um í vinnubókunum eru fjölbreytt. Sérhvert þeirra vísar til málefnis sem er nauðsynlegt fyrir andlega eflingu unglunga. Í fyrstu bókinni er til dæmis fjallað um efnið „staðfesting“ – að Guð staðfesti okkur í viðleitni okkar til að ná göfugum markmiðum. Önnur bók fjallar um „von“ – hvernig við getum og verðum að horfa vonaraugum til framtíðar, jafnvel á erfiðustu tímum. Enn önnur greinir hugtakið „að gera sitt besta og stefna að afburðaárangri“. „Gleði“ er þema einnar sögunnar en „máttur orðsins“ er reifaður í annarri. Í vinnubók sem fjallar um stærðfræðileg hugtök eru venjur skipulegrar hugsunar kannaðar. Á sviði vísinda er bók sem leggur áherslu á heilbrigði – líkamlegt, hugrænt og andlegt. Unglingarnir fást við og læra um fjölda annarra viðfangsefna á þremur árum.

Alejandra og Beatrice ætla að taka nokkrar bækur með sér ef foreldrarnir skyldu vilja fletta í gegnum þær. Ef við þekkjum ekki vel til bókana getum við tekið okkur smástund til að lesa sem flestar sögurnar – þetta gerir okkur kleift að fylgjast betur með fjölbreyttum samtölum sem eiga sér stað í samfélaginu. Á meðan getum við rætt ítarlega við aðra þátttakendur í námshópnum um hugmyndirnar sem voru kynntar hér að ofan og fjallað er um nánar í bók 5. Ef við ákveðum að hvetja unglingahóp eftir að hafa kynnt okkur bókina munum við heimsækja fjölskyldur unglinganna á markvissan hátt og gaumgæfa með þeim þessar og aðrar svipaðar hugmyndir. Núna gætum við farið að dæmi Beatrice, og fengið að fara í heimsókn með einhverjum sem hefur reynslu af heimsóknum til fjölskyldna unglinga í samfélagi okkar.

## 15. KAFLI

Daginn eftir heimsækja Alejandra og Beatrice heimili þriggja unglinga sem ætla að vera með í nýja hópnum sem verður til í hverfinu. Það gleður Beatrice að sjá ákafa foreldranna sem taka þátt í samtölum um námsleiðina fyrir andlega eflingu. Í lok dags er hún sannfærð um að hún vilji hjálpa Alejöndru með unglingahópinn og læra sjálf að þjóna sem hvetjari nýs hóps, vonandi innan árs. Hún gerir sér auðvitað grein fyrir því að hún á eftir að ljúka nokkrum bókum þjálfunarstofnunarinnar á þeim tíma. En hún er staðráðin í að komast áfram í náminu á sama hraða og skilaði henni þessum árangri.

Með stöðugri aðstoð og hvatningu Alejöndru heldur Beatrice áfram á braut þjónustunnar. Við skulum hefja sögu hennar aftur nokkrum mánuðum seinna þegar hún er rétt í þann mund að ljúka bók 3. Leiðbeinandi námshringsins hefur beðið Maribel, sem annast barnakennsluna, að bjóða Beatrice og samnemendum hennar að fylgja sér í heimsóknir til foreldra krakkanna í nýstofnuðum bekk fyrir börn á fyrsta skólaári. Beatrice finnst hún hafa lært mikið af námi sínu og rannsókn á bók 3. Og hún veit frá Alejöndru að innsýnin sem bókin hefur gefið henni mun auka hæfni hennar til að starfa sem hvetjari.

Þegar þær hittast segir Maribel við Beatrice að þær séu að fara að heimsækja móður Emmu. „Emma er yndisleg lítil stelpa sem elskar að læra,“ segir Maribel. „Ég hef heimsótt foreldra hennar einu sinni og útskýrt fyrir þeim eðli bahá’í barnakennslu. Þau vildu gjarnan leyfa Emmu að taka þátt. Móðir hennar lýsti yfir áhuga á að heyra meira um kennsluna og ég lofaði að koma aftur og tala aðeins um hugmyndirnar sem liggja að baki efninu sem við kennum. Ég hef reyndar skrifað nokkra minnispunkta fyrir sjálfa mig. Ef þú vilt getum við farið í gegnum þá saman og rætt þá“. Beatrice tekur undir það. Hér eru punktarnir sem þær fjalla um:

- Fyrst ætla ég að segja frú Martinez hvað ég sé ánægð að hafa Emmu í bekknum og nefna nokkra dásamlega eiginleika í fari hennar.
- Best sýnist mér að byrja samræðurnar með því að lesa þessa tilvitnun úr ritum Bahá’u’lláh:

**Lítið á manninn sem námu fulla af ómetanlegum gimsteinum. Aðeins uppfræðsla getur fengið hana til að opinbera fjársjóði sína og gert mannkyni kleift að njóta góðs af þeim.<sup>37</sup>**

- Þá get ég sagt henni frá áhrifunum sem þessi orð hafa haft á mig sem kennara. Ég ætla að segja að hjarta mitt ég fyllist gleði þegar ég horfi á börnin í bekknum og hugsa um þau sem námur fullar af ómetanlegum gimsteinum. Sérhvert þeirra hefur getu til að sýna himneska eiginleika. Sérhvert þeirra hefur hæfileika sem hægt er

að uppgötva og þróa. Öll geta þau vaxið og orðið dýrmætir þjóðfélagsþegnar og stuðlað að betri heimi.

- Því næst ætti ég sennilega að nefna nokkur dæmi um gimsteinana sem menntun og uppfræðsla verða að leitast við að afhjúpa í hverju barni. Ég gæti nefnt suma krafta hugans sem til dæmis felast í að uppgötva lögmál náttúrunnar, skapa fögur listaverk og að koma göfugum hugsunum í orð. Ég útskýri að börnin geti byrjað að þróa með sér alla þessa krafta þegar þau fá rétta menntun. En til að það geti gerst verða þau að rækta með sér ákveðna eiginleika strax á unga aldri. Þau verða til dæmis að læra að sýna athygli, leggja hart að sér þegar nauðsyn krefur og einbeita sér að því sem þau eru að gera. Þau eiga að verða einstaklingar sem er annnt um velferð annarra og vilja þjóna samfélaginu. Þess vegna er mikilvægt að sinna þróun persónuleika þeirra á unga aldri.
- Þá gæfist gott tækifæri til að biðja frú Martinez um að segja okkur frá því hvers konar manneskja hún vilji að dóttir hennar verði. Hvaða persónulegu einkenni telur hún mikilvægt að Emma hafi?
- Meðal þeirra eiginleika sem hún nefnir flokkast sumir örugglega undir andlega eiginleika, sem er næsta viðfangsefni sem ég ætla að kynna. Ég segi þá að það séu ákveðin einkenni sem einstaklingur ætti að búa yfir og eru grundvallaratriði í tilveru mannsins. Þessi einkenni tilheyra sál mannsins. Við þróum þau þegar við hreinsum spegil hjartans svo hann geti endurvarpað eiginleikum Guðs. Við nefnum þetta andlega eiginleika og kennslan í 1. bekk beinist aðallega að þessum eiginleikum.
- Ég held að ég muni halda áfram að telja upp nokkra andlega eiginleika sem fjallað er um í bók 3 og deila með henni viðeigandi tilvitnunum. Ég útskýri að Emma eigi eftir að læra þessar tilvitnanir utanað og að hún gæti beðið dóttur sína um að fara með þær og bænirnar sem hún lærir fyrir hana:

– Ást:

**Ó vinur! Gróðurset ekkert nema rós ástarinnar í garði hjarta þíns ...<sup>38</sup>**

– Réttlæti:

**Gangið veg réttlætis því hann er í sannleika hinn beini vegur.<sup>39</sup>**

– Sannleiksást:

**Sannleiksást er undirstaða allra manndygðna.<sup>40</sup>**

– Gleði:

**Ó mannsönnur! Fagna yfir gleði hjarta þíns svo að þú megir verða þess verðugur að finna Mig og endurspegla fegurð Mína.<sup>41</sup>**

Maribel og Beatrice ákveða með sér að þessar hugmyndir dugi fyrir eina heimsókn. Við munum fljótlega kynna okkur efni 3. bókar og fá tækifæri til að velta fyrir okkur nokkrum meginreglum sem móta sex ára áætlun Ruhi stofnunarinnar um andlega menntun barna. Ef barnakennurum gefst tilefni til að heimsækja nokkra foreldra munu hugmyndirnar, sem hér eru settar fram, koma að gagni og við skulum ræða þær lið fyrir lið í hópnum.

## 16. KAFLI

Fyrr lásum við eftirfarandi orð ‘Abdu’l-Bahá: „Því sterkari sem bönd vináttu og samstöðu verða meðal manna, þeim mun meira verður afl uppbyggingar og afreka á öllum sviðum mannlegra athafna.“ Allsherjarhús réttvísinnar segir okkur að þegar við heimsækjum heimili og bjóðum fólki heim séum við „að mynda bönd andlegs skyldleika sem stuðlar að samfélagsvitund“. Við ættum ekki að gera lítið úr áhrifum þessarar gerðar á menningu þessa vaxandi samfélags okkar.

Í undangengnum köflum höfum við skoðað ýmsar samræður sem geta átt sér stað í heimsóknum á heimili. Öll munum við í vaxandi mæli taka þátt í samræðum í byggðarlaginu, bænum eða hverfinu okkar um hvernig við beitum kenningum Bahá’u’lláh í lífi okkar sem einstaklingar og í samfélagi með öðrum. Stundum þróast þetta í röð formlegra heimsókna sem skipulagðar eru til að gera kleift að fjölga þeim sem dýpka þekkingu sína á þessum kenningum. Í mörgum öðrum tilvikum verða menntaáætlanir stofnunarinnar, markmið þeirra og efnistöð, til umræðu. Boð um að taka þátt í þessu ferli samfélagsuppbyggingar verða flutt sífellt fleiri nágrönnum og vinum. Þegar við horfum til framtíðar og þeirrar þjónustubrautar sem við blasir, ættum við að leggja okkur öll fram um að læra innihaldið sem kynnt er í þessum bókarhluta, öðlast reynslu af umræðu um hvert málefni og að sjálfsögðu halda áfram að dýpka okkar eigin þekkingu á kenningum Bahá’u’lláh. Þannig munum við eignast þá takmarkalaus gleði sem felst í að miðla öðrum orði Guðs.

## TILVÍSANIR

1. Bahá'u'lláh, *Hulin orð*, úr arabísku, nr. 4.
2. Bahá'u'lláh, í *Bahá'í bænir*: *Úrval bæna opinberaðar af Bahá'u'lláh, Bábinum og 'Abdu'l-Bahá*.
3. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 4, efnisgr. 1.
4. Sama rit, nr. 5, efnisgr. 2.
5. 'Abdu'l-Bahá, í *Bahá'í bænir*.
6. Sama rit.
7. Sama rit.
8. Úr ávarpi sem var flutt 16. ágúst 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace: Talks Delivered by 'Abdu'l-Bahá during His Visit to the United States and Canada in 1912* [Yfirlýsing heimsfriðar: Ávörp sem 'Abdu'l-Bahá flutti í heimsókn sinni til Bandaríkjanna og Kanada árið 1912] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2012), efnisgr. 23, bls. 364.
9. 'Abdu'l-Bahá, í *Bahá'í bænir*.
10. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 45, efnisgr. 1.
11. 'Abdu'l-Bahá, tilvitnun Shoghi Effendi í *Trúarkerfi Bahá'u'lláh*.
12. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 5, efnisgr. 5.
13. Úr ávarpi sem 'Abdu'l-Bahá flutti 5. maí 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace* [Yfirlýsing heimsfriðar], efnisgr. 4, bls. 128.
14. Úr ávarpi sem var flutt 21. október 1911, birt í *Paris Talks: Addresses Given by 'Abdu'l-Bahá in 1911* [Parísareringi: Ávörp sem 'Abdu'l-Bahá hélt árið 1911] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2006, 2016 printing), nr. 6.7–8, bls. 22.
15. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 146, efnisgr. 1.
16. Úr ávarpi sem 'Abdu'l-Bahá flutti 5. maí 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace* [Yfirlýsing heimsfriðar], efnisgr. 4, bls. 128.
17. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 44.
18. Sama rit, úr persnesku, nr. 66.
19. Úr töflu 'Abdu'l-Bahá. (viðurkennd þýðing)
20. Úr ávarpi sem 'Abdu'l-Bahá flutti 25. september 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace* [Yfirlýsing heimsfriðar], efnisgr. 2, bls. 478–79.



21. *Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá* [Úrval úr ritum 'Abdu'l-Bahá] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2010, 2015 printing), nr. 43.1, bls. 125.
22. Sama rit, nr. 207.3, bls. 360.
23. Bahá'u'lláh, í *Bahá'í Meetings: Extracts from the Writings of Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá, and Shoghi Effendi* [Bahá'í samfundir: Útdrættir úr ritum Bahá'u'lláh, 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi], tekið saman af Rannsóknardeild Allsherjarhúss réttvísinnar (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 1976, 1980 printing), bls. 3.
24. Sama rit.
25. *Tablets of Abdul-Baha Abbas* [Töflur Abdul-Baha Abbas] (New York: Bahá'í Publishing Committee, 1916, 1930 printing), 3. bindi, bls. 631. (viðurkennd þýðing)
26. Bahá'u'lláh, í *Kitáb-i-Aqdas: Hin helgasta bók*, efnisgr. 57.
27. *Selections from the Writings of 'Abdu'l-Bahá* [Úrval úr ritum 'Abdu'l-Bahá], nr. 48.1, bls. 130.
28. Úr skilaboðum frá 27. ágúst 1989, birt í *Messages from the Universal House of Justice, 1986–2001: The Fourth Epoch of the Formative Age* [Skilaboð Allsherjarhúss réttvísinnar, 1986–2001: Fjórða tímасkeið mótunaraldarinnar] (Wilmette: Bahá'í Publishing Trust, 2010), nr. 69.2, bls. 132–33.
29. Sama rit, nr. 69.9–10, bls. 135.
30. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 82.
31. Sama rit, úr persnesku, nr. 80.
32. 'Abdu'l-Bahá, *The Secret of Divine Civilization* [Leyndardómur guðlegrar siðmenningar] (Wilmette: Bahá'í Publishing, 2007, 2016 printing), efnisgr. 46, bls. 33.
33. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 49.
34. Shoghi Effendi, tilvitnun í *Bahá'í News* [Bahá'í fréttir], nr. 13 (september 1926), bls. 1.
35. Úr ávarpi sem 'Abdu'l-Bahá flutti 17. nóvember 1912, birt í *The Promulgation of Universal Peace* [Yfirlýsing heimsfriðar], efnisgr. 3, bls. 617.
36. Allsherjarhús réttvísinnar, úr Ríðvánboðunum 2010, efnisgr. 16.
37. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 122, efnisgr. 1.
38. *Hulin orð*, úr persnesku, nr. 3.
39. *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, nr. 118, efnisgr. 1.
40. 'Abdu'l-Bahá, tilvitnun Shoghi Effendi í *Guðlegt réttlæti í nánd*, efnisgr. 40.

41. *Hulin orð*, úr arabísku, nr. 36.